FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
287. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 5. DESEMBER 2016




**Úrslitin í forsetakosningunum í Austurríki eru mörgum Evrópubúum léttir. Græninginn Alexander Van der Bellen hafði betur gegn Norbert Hofer. Hinn síðarnefndi hefur verið gagnrýndur fyrir öfgafulla þjóðernisstefnu. Hofer hefur játað sig sigraðan en endanleg úrslit kosninganna verða ekki birt fyrr en í dag.** Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Sögulegur árangur Ólafíu



**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, kylfingur úr GR, braut blað í íslenskri íþróttasögu í gær þegar hún tryggði sér sæti á LPGA-mótaröðinni í golfi, sem er sterkasta atvinnumótaröð í heimi. Ólafía lék frábært golf á lokaúrtökumótinu, sérstaklega síðustu fjóra hringina, og endaði að lokum í 2. sæti á tólf höggum undir pari, einu höggi á eftir sigurvegaranum.
**– iþs /** **sjá síðu 11**

# Sveitarfélögin verði níu

## Samtök atvinnulífsins leggja til að sveitarfélögum verði fækkað úr 74 í níu til að ná fram hagræðingu í rekstri. Sjö sveitarfélög eru yfir hámarksskuldaviðmiði.

**STJÓRNSÝSLA** Lagt er til að sveitarfélögum verði fækkað úr 74 í níu í nýrri skýrslu efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins um stöðu og framtíð sveitarfélaga á Íslandi. Í skýrslunni er sýnt fram á að fjárhagsstaða sveitarfélaganna sé almennt slæm og sameining sögð leið til að ná fram alvöru hagræðingu í rekstri þeirra. Sameiningin gæti skapað svigrúm til að færa fleiri stór verkefni frá ríki til sveitarfélaga, samkvæmt skýrslunni, en tilfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaganna hefur verið miklum vandkvæðum bundin.

Á Íslandi eru 74 sveitarfélög en í 41 þeirra eru færri en 1.000 íbúar. Sex þeirra eru með færri en 100 íbúa.



**Ólafur Loftsson,** starfsmaður á efnahagssviði Samtaka atvinnulífsins

Tillögurnar miða að því að landinu yrði skipt í níu hluta. Suðurlandið væri eitt sveitarfélag, frá Eyrarbakka að Höfn í Hornafirði. Þaðan tæki Austurland við, til og með Vopnafirði. Norðausturland frá Bakkafirði að Siglufirði væri eitt sveitarfélag og Norðvesturland frá vestanverðum Tröllaskaga að Borðeyri eitt. Vestfirðir væru eitt sveitarfélag og Vesturland frá Skarðsströnd og að höfuðborgarsvæðinu væri eitt. Reykjanesskaginn væri eitt sveitarfélag en höfuðborgarsvæðinu væri skipt í tvö sveitarfélög, þannig að Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær yrðu stærsta sveitarfélag landsins og Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður það næststærsta.

„Reykjavíkurborg er nú hátt í fjórfalt stærri en næsta sveitarfélag. Samanburður á milli einstakra sveitarfélaga getur verið mjög erfiður og stundum villandi af því þau eru svo ólík í rekstri og umfangi,“ segir Ólafur Loftsson, starfsmaður á efnahagssviði Samtaka atvinnulífsins.
**Snæ /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag

Halldór



**SKOÐUN** Erna Guðmundsdóttir skrifar um myglusveppi. 10
**SPORT** Pep Guardiola og Man City eru í mótvindi. 12-13
**TÍMAMÓT** Ritverk Kristjáns Eldjárns forseta endurútgefið. 16
**LÍFIÐ** Emilíana Torrini gefur út nýja plötu í næstu viku. 22
**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Suðaustlæg átt, og lítilsháttar væta S- og V-lands, en léttskýjað á N- og A-landi. Fremur milt áfram en þó kólnandi NA-lands, einkum í innsveitum. SJÁ SÍÐU 18



Frá árásarstaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þrír drepnir í Finnlandi

**FINNLAND** Aðfaranótt sunnudagsins voru tveir blaðamenn og borgarfulltrúi skotnir til bana í finnska bænum Imatra. Finnska lögreglan greindi frá þessu á blaðamannafundi sem Danmarks Radio greindi frá. Árásin var gerð um miðnættið og fljótlega handtók lögreglan 23 ára gamlan mann sem grunaður er um morðið. Fjölmörg vitni bentu á manninn en ekki er vitað hvort hann lýsir sig saklausan eða sekan. Maðurinn hefur áður verið dæmdur fyrir ofbeldisglæpi. – **jhh**

## Golf á öðrum sunnudegi í aðventu


Golfarar hafa nýtt sér veðurblíðuna undanfarið til þess að æfa sveifluna. Eins og fram kemur á vefsíðu Trausta Jónssonar veðurfræðings er útlit fyrir að haustið núna (október og nóvember) hafi verið það hlýjasta frá því að mælingar hófust á landinu í heild. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Bræður börðust í Hafnarfirði

**LÖGREGLUMÁL** Aðstoðar lögreglu var óskað í heimahúsi í Hafnarfirði að morgni sunnudags. Þar voru tveir bræður að slást. Annar þeirra var handtekinn og vistaður í fangaklefa en hinn var fluttur á slysadeild til skoðunar. Þetta kemur fram í dagbók lögreglunnar.

Um klukkan hálf sex sömu nótt var ökumaður bíls stöðvaður vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna. Fundust efni í bíl hans. Rétt eftir klukkan fimm var jafnframt tilkynnt um bifreið sem hafði verið ekið á ljósastaur á Hringbraut. Ökumaður bílsins var grunaður um ölvun við akstur. – **jhh**

**»Annar bræðranna var handtekinn og vistaður í fangaklefa en hinn var fluttur á slysadeild.**

# Vill semja um sjávarútvegsmál

**STJÓRNMÁL** Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir raunhæft að Viðreisn, Björt framtíð og Sjálfstæðisflokkur geti komist að samkomulagi í sjávarútvegsmálum – en þau mál voru ásteytingarsteinninn í formlegum stjórnarmyndunarviðræðum flokkanna þriggja. Þetta sagði Jón í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Píratar fengu stjórnarmyndunarumboðið frá forseta Íslands á föstudag. Stjórnmálahreyfingin, með Birgittu Jónsdóttur í broddi fylkingar, hefur lýst yfir vilja til að endurvekja viðræður um fimm flokka stjórn, til vinstri. – **ósk**


**Jón Gunnarsson,** þingmaður Sjálfstæðisflokksins

# Vilja afferma frá fjögur að nóttu í miðbænum

**Slæmt aðgengi og reglur um hávaða skapa vanda fyrir þá sem þjóna miðbænum með vörur. Kvartað er undan umhverfisráðherra við umboðsmann Alþingis fyrir að neita um undanþágu svo hefja megi vörulosun klukkan fjögur að nóttu.**

**DÓMSMÁL** Ölgerðin Egill Skallagrímsson fær ekki undanþágu frá reglugerð um hávaða til að geta byrjað vörulosun í miðbæ Reykjavíkur klukkan fjögur að nóttu í staðinn fyrir klukkan sjö að morgni.

„Við vildum létta á álaginu en heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Umhverfisstofnun lögðust gegn því og umhverfis- og auðlindaráðuneytið gerði enga rannsókn á málinu heldur tók þær umsagnir upp athugasemdalaust og hafnaði þessu,“ segir Lárus Ólafsson, lögfræðingur Samtaka verslunar og þjónustu sem reka málið fyrir Ölgerðina.

Synjun ráðuneytisins var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem sagði ekki í sínum verkahring að úrskurða um ákvörðun ráðherra og vísaði málinu frá.

Lárus segir að umhverfisráðuneytið hafi hvorki virt rannsóknarskyldu sína né andmælarétt Ölgerðarinnar með því að byggja niðurstöðu sína á umsögnum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar án þess að kynna þessar umsagnir fyrir fyrirtækinu og gefa því tækifæri til að tjá sig um þær. Kvörtun hafi því verið send til umboðsmanns Alþingis.

Lárus ítrekar að málið snerti ekki Ölgerðina eina og ekki aðeins vöruflutninga því mikil rútuumferð sé í miðbænum og sorphirðubílar og götusópunarvélar þurfi að komast að.

„Þetta helst í hendur við takmörkun á aðgengi samhliða aukinni uppbyggingu þjónustu og verslunar í miðbænum. Það hefur verið lokað á bíla, aðkoma skert og bílastæði tekin frá,“ segir hann. Fyrirtæki hafi brugðist við með því að reyna að koma vörunum í minni einingum og þá fleiri ferðum niður í bæ. „En það nær bara að ákveðnu marki. Það er ekki hægt að hagræða mikið meira en búið er að gera nú þegar.“

Lárus segir málið hafa verið þrautagöngu milli Reykjavíkurborgar, stofnana og ríkisins. Það sé súrt að ráðuneytið hafi ekki gætt meðalhófsreglu og hafnað beiðninni án þess að kanna hvort Ölgerðin væri til í aðra tilhögun.

„Menn væru jafnvel til í skoða að það yrði ekki byrjað fyrr en klukkan fimm eða sex eða að vera tvo eða þrjá daga í vikunni í staðinn fyrir fimm daga. Við vildum létta á álaginu en heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Umhverfisstofnun lögðust gegn því og ráðuneytið gerði enga rannsókn á því heldur tók þær umsagnir upp athugasemdalaust og hafnaði þessu,“ segir Lárus Ólafsson.

gar@frettabladid.is


Starfsmenn Ölgerðarinnar afferma bíl á Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Það hefur verið lokað á bíla, aðkoma skert og bílastæði tekin frá.**


Lárus Ólafsson, lögfræðingur Samtaka verslunar og þjónustu






ENNEMM / SÍA / NM78717

**STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR OG SAMEINAÐI LÍFEYRISSJÓÐURINN SAMEINAST Í EINN ÖFLUGASTA LÍFEYRISSJÓÐ LANDSINS**

Það er vel við hæfi að nýr lífeyrissjóður taki til starfa í dag, á sjálfan fullveldisdaginn. Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafa nú sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins undir merkjum Birtu. **Saman erum við sterkari!**

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Austurríkismenn höfnuðu þjóðernisöfgum í forsetakosningum

**AUSTURRÍKI** Norbert Hofer, frambjóðandi Frelsisflokksins í forsetakosningunum í Austurríki, játaði ósigur sinn í gær. Hann óskaði mótframbjóðanda sínum, Alexander Van der Bellen úr Græningjaflokknum, til hamingju í stöðufærslu á Facebook.

„Við erum allir Austurríkismenn, óháð því hvernig við kusum. Lengi lifi heimaland okkar, Austurríki,“ sagði Hofer, sem hefur verið gagnrýndur fyrir öfgasinnaðar þjóðernissósíalistaskoðanir sínar. Á meðal kosningaloforða hans var að loka landamærum Austurríkis fyrir innflytjendum og „setja Austurríki í fyrsta sæti“, eins og það var orðað.



Útgönguspár sem birtar voru í gær bentu til þess að Alexander Van der Bellen fengi 54 prósent atkvæða. Hann ræddi við fjölmiðla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Við erum allir Austurríkismenn, óháð því hvernig við kusum. Lengi lifi heimaland okkar, Austurríki.**

Norbert Hofer, sem tapaði í forsetakosningum í Austurríki um helgina

Meðal annars af þessum ástæðum var vel fylgst með þróun mála. Í sumum fjölmiðlum var gengið svo langt að fullyrða að stjórnmálamaður með viðlíka skoðanir hefði ekki verið við völd í Evrópu frá því í seinni heimsstyrjöldinni.

Útgönguspár í gær bentu til þess að Vand der Bellen fengi 53,6 prósent atkvæða en Hofer 46,4 prósent. Sky fréttastofan greindi frá því í gær að endanleg úrslit yrðu ekki ljós fyrr en í dag þar sem talningu atkvæða væri ekki lokið.

Sky segir að niðurstöðurnar komi nokkuð á óvart þar sem skoðanakannanir sem birtar voru fyrir kjördag, sem var í gær, hefðu sýnt að staða frambjóðendanna væri hnífjöfn.

Þetta var önnur umferð kosninganna, en sú fyrri fór fram í maí síðastliðnum. Þá sigraði Van der Bellen með minna en 1 prósents atkvæðamun. **- jhh**



Eldurinn kom upp í vöruskemmu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Tugir látnir í eldsvoða

**BANDARÍKIN** Tugir létust í eldsvoða í Oakland í Bandaríkjunum á föstudag. Eldurinn kom upp í vöruskemmu þar sem heilmikil skemmtun var haldin. Búið er að finna lík 24 einstaklinga en enn á eftir að fara yfir um 80 prósent svæðisins sem varð eldinum að bráð.

„Fjöldi látinna á enn eftir að aukast,“ sagði Ray Kelly lögreglustjóri í tengslum við leitina.

Unnið er að því að bera kennsl á líkin með hjálp tannlæknagagna og DNA-sýna. Þá hefur samfélag transfólks verið virkjað til að hjálpa til við að bera kennsl á líkin. **– snæ**

## Ítalir að kjörborðinu

**ÍTALÍA** Ítalir greiddu í gær atkvæði um róttækar kerfisbreytingar á öldungadeild þingsins.

Atkvæði voru greidd um hvort fækka beri öldungadeildarþingmönnum úr 315 í 100, hætt verði að kjósa til öldungadeildar með beinni þjóðaratkvæðagreiðslu en í staðinn verði hún skipuð kjörnum sveitarstjórnarmönnum og fulltrúum skipuðum af forseta. Þá var kosið um að afnema vald öldungadeildarinnar til að leggja fram vantraust á ríkisstjórnina.

Búist er við niðurstöðum úr kosningunum snemma í dag. Matteo Renzi, forsætisráðherra Ítalíu, hefur sagt ætla að segja af sér embætti verði tillögurnar ekki samþykktar. **- snæ**

# Telja að fækkun sveitarfélaga um 65 myndi auka hagræði

**Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð, undrast tillögur Samtaka atvinnulífsins í átt til meiri miðstýringar. Hann segist þó jákvæður gagnvart því að ná fram meiri hagræðingu í rekstri sveitarfélaganna.**

**STJÓRNSÝSLA** Með sameiningu allra sveitarfélaga í níu stór sveitarfélög mætti leggja niður Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og einfalda regluverk umtalsvert, að mati efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins. Samtökin hafa sent frá sér skýrslu um framtíð sveitarfélaganna þar sem aðaltillaga þeirra til að sporna við lélegri afkomu sveitarfélaganna á landinu er að sameina þau með róttækum hætti og fækka þeim um 65 alls, úr 74 í 9.

„Við sjáum að stærri sveitarfélög eiga að skila aukinni stærðarhagkvæmni. Þarna fáum við til að mynda tækifæri til þess að veita betri þjónustu þar sem stærri sveitarfélög eiga auðveldara með að draga til sín sérhæft, vel menntað og reynslumikið fólk til starfa,“ segir Ólafur Loftsson, skýrsluhöfundur og starfsmaður efnahagssviðs SA.

„Það hefur verið mikið í umræðunni að færa fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga en það er einfaldlega ekki hægt þegar við erum með svona mörg lítil sveitarfélög eins og núna. Málefni fatlaðra voru færð yfir árið 2011 en málið er að þau ráða bara ekki við það. Tilfærsla grunnskólanna árið 1996 hafði mjög jákvæð áhrif á sameiningar sveitarfélaganna en yfirfærslan á málefnum fatlaðra hafði engin áhrif til sameiningar af því að þá var ákveðið að stofna þjónustusvæði sem er ekkert annað en viðbótarstjórnsýslustig,“ segir Ólafur.

Í skýrslunni kemur fram að samstarfsverkefni sveitarfélaganna séu nú 328 talsins. Samskipti þeirra á milli séu flókin og kostnaðarsöm

**Sveitarfélög eftir sameiningar**
Fjöldi íbúa*




**Það ríkir ákveðin samkeppni á milli sveitarfélaga þannig að menn gera vel við sína íbúa. Það verður allt drepið niður með þessu.**

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð



**Málefni fatlaðra voru færð yfir árið 2011 en málið er að þau ráða bara ekki við það.**

Ólafur Loftsson, starfsmaður efnahagssviðs SA



Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð sem varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006, segist sammála um að það megi fækka sveitarfélögum. Þessar tillögur gangi þó helst til of langt. „Ég held að þetta sé algjörlega út í hött nema í einhverri langri framtíð. Í raun og veru fer valdið á einn stað langt frá flestum af þessum byggðarkjörnum. Ef það er hagfellt þá er ég sammála því en það má ekki tapa þessari nánd við kjörna fulltrúa og embættismenn, sem óhjákvæmilega yrði.

Svo er annað líka. Það ríkir ákveðin samkeppni á milli sveitarfélaga þannig að menn gera vel við sína íbúa. Það verður allt drepið niður með þessu. Þetta er bara miðstýring. Það er eiginlega ótrúlegt að þetta komi úr ranni Samtaka atvinnulífsins.“

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segist hrifinn af hugmyndinni. Hugmyndir í þessa átt hafi komið frá samráðsvettvangi um aukna hagsæld á Íslandi og heyrst í ráðherratíð Kristjáns Möller á þarsíðasta kjörtímabili. „Einfaldasta leiðin á Íslandi væri sú að það væri einhver lágmarks íbúafjöldi lögfestur.“ Halldór segir að slíkt hafi verið gert í Danmörku þar sem sveitarfélög máttu ekki hafa færri en 20 þúsund íbúa.

„Við viljum sjá eflingu sveitarstjórnarstigsins með sameiningu sveitarfélaganna en að íbúarnir eigi síðasta orðið. Danirnir fóru þessa Excel-leið og svo gátu sveitarfélögin sjálf ákveðið hverjum þeir vildu sameinast.“ **snaeros@frettabladid.is**




Audi A3 e-tron
Straumhvörf
Audi A3 e-tron sameinar tvo heima
50 kílómetra drægni á raforkunni einni saman dugar í flestar ferðir en með skilvirkri samþættingu rafdrifs og sparneytinnar bensínvélar er samalögð heildardrægni allt að 940 km.
Audi A3 e-tron tryggir að þú kemst alltaf á áfangastað og nú er hann orðinn enn sportlegri og tæknivæddari en áður.
Verð frá 4.860.000 kr.
5 ára ábyrgð
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is
H



Hærri greiðslur til eggjagjafa bitna á frjóvgunarstofum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Þurfa að vísa eggjagjöfum frá

**DANMÖRK** Fyrr á þessu ári ákvað danska þingið að hækka greiðslu til kvenna sem vilja gefa egg til tæknifrjóvgunar úr 2.400 dönskum krónum í 7.000. Fleiri konur hafa þess vegna snúið sér til tæknifrjóvgunarstofanna í því skyni að gefa egg, að því er segir í frétt danska ríkisútvarpsins.

Stofurnar hafa hins vegar ekki fengið aukna fjárveitingu frá hinu opinbera vegna hærri greiðslna og þess vegna hefur þurft að vísa konum frá sem vilja gefa egg. **– ibs**

**7.000**

**krónur danskar eru greiddar konum sem gefa egg.**

## Knattspyrnumaður borinn til grafar




Bruno Rangel, leikmaður brasilíska knattspyrnuliðsins Chapecoense, var borinn til grafar í gær. Rangel er einn þeirra sem létust í flugslysi í Brasilíu hinn 28. nóvember síðastliðinn. Alls dó 71 í flugslysinu. Rangel hefði orðið 35 ára gamall þann 12. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Stórgölluð umgjörð og veikt regluverk

**Helga Árnadóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, telur að öll umgjörð stjórnkerfisins hvað greinina varðar sé stórgölluð. Þrjú ráðuneyti hafa umsjón með ólíkum verkefnum. Ný ríkisstjórn verði að taka á ágöllum kerfisins með fullum þunga og styrkja innviði.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Það má segja að ferðaþjónustan heyri undir þrjú fagráðuneyti, hið minnsta, og því vantar allan fókus innan stjórnkerfisins varðandi málefni ferðaþjónustunnar. Heilt yfir býr greinin við stórgallaða umgjörð og veikt regluverk. Ábyrgð nýrrar ríkisstjórnar er mikil í að tryggja einfalda og skilvirka umgjörð fyrir eins hratt vaxandi atvinnugrein og ferðaþjónustan er.

Þetta er mat Helgu Árnadóttur, formanns Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Í leiðara í nýjasta fréttabréfi SAF beinir hún orðum sínum til forsvarsmanna stjórnmálaflokkanna vegna fyrirheita um aukið fjármagn til uppbyggingar innviða, velferðar- og menntamála. Það hljóti að þýða að forgangsverkefnið sé að tryggja samkeppnishæft og stöðugt rekstrarumhverfi fyrirtækjanna í landinu.

> **Eftirliti með ólöglegri og svartri starfsemi er verulega ábótavant og ólíðandi að fyrirtæki í ferðaþjónustu skuli þurfa að eiga í samkeppni við þá sem ekki skila sköttum og skyldum.**
>
> Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF



„Hvað ferðaþjónustuna varðar þá hafa fyrirtækin tekist á við miklar launahækkanir síðustu misserin, neikvæð áhrif styrkingar íslensku krónunnar, stórgallaða umgjörð og veikt regluverk. Eftirliti með ólöglegri og svartri starfsemi er verulega ábótavant og ólíðandi að fyrirtæki í ferðaþjónustu skuli þurfa að eiga í samkeppni við þá sem ekki skila sköttum og skyldum í ríkissjóð. Ríkið verður á sama tíma að axla ábyrgð gagnvart öryggi ferðamannsins, t.a.m. er áætlað að um 30% allra gistinátta séu í leyfislausu húsnæði þar sem öryggismál eru ekki tryggð,“ skrifar Helga.

Spurð til hvers hún vísar með orðunum „stórgölluð umgjörð og veikt regluverk“, segir Helga af nægu að taka en nefnir sem dæmi að ferðaþjónustan heyri nú í raun undir þrjú ráðuneyti hið minnsta. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, innanríkisráðuneytið vegna samgangna og umhverfisráðuneytið vitaskuld.

„Svo varðar þetta leyfisveitingar – um allt kerfið; eftirliti er verulega ábótavant til dæmis gagnvart heimagistingu, ferðum upp á jökla og þess háttar. Heildstæðar upplýsingar og tölfræðigögn vantar og stofnanaumgjörðin er flókin og ferðaþjónustan oftar en ekki veikburða innan hennar,“ segir Helga og nefnir sem enn eitt dæmið að þrír þjóðgarðar eru undir þremur stofnunum með þrenn mismunandi lög.

Lög um skipan ferðamála eru barn síns tíma, og ekki í takt við þá þróun sem orðið hefur í greininni. Hlutverk Stjórnstöðvar ferðamála er að rýna þessi verkefni sem er að sjálfsögðu afar aðkallandi fyrir hratt vaxandi og afar mikilvæga atvinnugrein. Ný ríkisstjórn verður að taka á þessum málum af fullum þunga á næsta kjörtímabili og tryggja einfalda umgjörð um greinina sem og regluverk,“ segir Helga. **svavar@frettabladid.is**

### Gjaldeyristekjur 460 milljarðar

- **450 til 460 milljarðar** verða gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar á þessu ári, áætla Samtök ferðaþjónustunnar.
- **70 milljarðar** verða skatttekjur ríkisins af ferðaþjónustunni í það minnsta.
- **1,8 milljónir** erlendra ferðamanna koma til landsins í ár eða rösklega 40% fleiri en í fyrra.





ÍSLENSKU
BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNINGAR 2016




*Saga tónlistarinnar* eftir Árna Heimi Ingólfsson on tónlistarfræðing er fyrsta yfirlitsritið um tónlistarsögu eftir íslenskan höfund og hentar jafnt tónlistarfólki, tónlistarunnendum og tónlistarnemum, sem og öllu áhugafólki um listir og menningu.






# GREIÐSLUFRÍ VALITOR

– Þægileg jól

Þú átt skilið meira frí um þessi jól. Með Greiðslufríi Valitor getur þú verslað hjá völdum aðilum fyrir jólin en greitt fyrir kaupin 1. febrúar.

Þú getur líka valið að skipta kaupunum í allt að þrjár greiðslur og greitt í febrúar, mars og apríl, allt eftir því hvað hentar þér best.

Greiðslufrí ber 2% lántökugjald og færslugjaldið er 405 kr.

**TAKTU ÞÉR GREIÐSLUFRÍ**
Greiddu jólagjafirnar í febrúar

525 2080 | sala@valitor.is | valitor.is

**ÞÍN VELGENGNI Í VIÐSKIPTUM**

VALITOR

# Raforkuvæðing bílaflotans þarf að ganga miklu hraðar fyrir sig

**UMHVERFISMÁL** Raforkuvæðing íslenska bílaflotans verður að ganga miklu hraðar fyrir sig en nú er ef nálgast á loftslagsmarkmið stjórnvalda til næstu ára.

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að markmið stjórnvalda, sett árið 2010, sé að árið 2020 verði hlutfall seldra bíla sem knúnir eru endurnýjanlegu eldsneyti tíu prósent (rafmagn, metan, vetni).

„Vandinn er að Íslendingar kaupa svo mikið af bílum að jafnvel þótt þetta markmið náist er óvíst hvort það leiði til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum fyrir árið 2020. Með vaxandi ferðamannafjölda er hætt við að losun frá bílasamgöngum muni aukast næstu árin. Losun frá samgöngum er samkvæmt síðustu tölum 39 prósent meiri en var árið 1990, sem er viðmiðunarár Parísarsamkomulagsins. Samgöngur eru uppspretta nær tuttugu prósenta af heildarlosun hér á landi og því eftir miklu að slægjast.“



**Íslendingar eru langt á eftir í rafbílavæðingu bílaflotans.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum frá október 2010 segir: „Með almennri þróun í átt til loftslagsvænni bíla, lykilaðgerðum og öðrum aðgerðum er talið raunhæft að losun vegna samgangna geti verið undir 750 Gg árið 2020, sem væri 23 prósent minnkun losunar frá 2008 og aðeins 21 prósent aukning miðað við 1990.“ **– shá**

**39%**

**meiri losun er frá samgöngum núna en var árið 1990.**




# Betra seint en aldrei að jafna hlut kynjanna

**Sérstakir handrita-, þróunar- og framleiðslustyrkir verða veittir konum í kvikmyndagerð á næstu árum.**

**MENNING** „Ég myndi segja að þetta væri mjög eðlilegt. Þetta hefði auðvitað átt að vera svona frá stofnun Kvikmyndasjóðs – en betra er seint en aldrei,“ segir Anna María Karlsdóttir, fulltrúi Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda í Kvikmyndaráði, sem er mennta- og menningarmálaráðherra til ráðgafar um málefni kvikmynda.

Í nýundirrituðu samkomulagi um stefnumótun í íslenskri kvikmyndagerð segir að tryggja eigi jafnan hlut karla og kvenna í styrkveitingum Kvikmyndasjóðs. Meðal annars verði það gert með því að veita tímabundið sérstaka handrita-, þróunar- og framleiðslustyrki til kvenna í greininni.

Miklar umræður um kynjakvóta á úthlutanir úr Kvikmyndasjóði hafa staðið lengi – og fjölmargir innan greinarinnar viðrað skoðanir sínar um að slíkir kvótar eigi rétt á sér. Aðrir í faginu hafa stigið fram og sagst vera mótfallnir slíkum aðgerðum.

Baltasar Kormákur lagði svo til í föstudagsviðtali Fréttablaðsins í júní í fyrra að framlög til sjóðsins yrðu aukin, potturinn stækkaður og allt sem umfram væri færi til kvenna í kvikmyndagerð. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði í kjölfarið að sér þættu rökin sannfærandi og hann væri tilbúinn til að setja á tímabundinn kvóta við úthlutanir úr sjóðnum.

**Þetta hefði auðvitað átt að vera svona frá stofnun sjóðsins – en betra er seint en aldrei.**

Anna María Karlsdóttir, kvikmyndaframleiðandi



Rök þeirra sem hafa viljað setja kynjakvóta við úthlutanir úr Kvikmyndasjóði hafa verið sú að nokkuð auðveldara sé fyrir karlmenn í kvikmyndagerð að fjármagna verk sín, þar sem þeir hafi fengið umtalsvert meiru úthlutað í gegnum tíðina og þar af leiðandi getað búið til fleiri kvikmyndir og efni fyrir sjónvarp. Slíkt skapi snjóboltaáhrif.

Þannig skipti höfuðmáli að fleiri verk eftir konur verði til, því reynsla og fyrri verk spila gjarnan stóra rullu þegar umsóknir til Kvikmyndasjóðs eru metnar.

Mennta- og menningarmálaráðherra segist mjög ánægður með að samkomulagið hafi verið undirritað. „Ég er líka mjög ánægður með að það hafi náðst sátt um þessar áherslur og þessa aðferðafræði í samkomulaginu. Við vildum grípa til þessara ráðstafana til þess að við getum fengið jafnt notið hæfileika karla og kvenna í þessari listgrein,“ útskýrir Illugi. **olof@frettabladid.is**

Það eru girnileg jól framundan í Hafinu




Stútfullar búðir af stórum hátíðarhumri. Heimalagaður reyktur og grafinn lax, sósur og ómótstæðileg humarsúpa.

**Opnunartími yfir hátíðarnar:**
Alla virka daga frá 10-18:30
Aðfangadag frá 09-12
Gamlársdag frá 10-14

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

# HÖRÐU PAKKARNIR
# FÁST HJÁ SINDRA



14.821 m/vsk | 7.534 m/vsk | 7.900 m/vsk



2.970 m/vsk | 2.614 m/vsk | 5.320 m/vsk



1.990 m/vsk | 3.190 m/vsk | 5.944 m/vsk



4.712 m/vsk | 4.441 m/vsk | 8.198 m/vsk



## 7 SKÚFFUR

**283 verkfæri** **154.020 m/vsk**



## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**12.252 m/vsk**
Fullt verð 17.502



## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

TGCAI9601

**18.509 m/vsk**
Fullt verð 28.476



## 5 SKÚFFUR

**157 verkfæri** **119.900 m/vsk**

## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.

VNR IBTGCAI130B

**19.900 m/vsk**
Fullt verð 29.435



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

BTGCAI151R

**21.657 m/vsk**
Fullt verð 30.910



**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður
SINDRI

# Heiman og heim



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er margt sem veldur okkur streitu og eykur almennt álag í lífinu. Nýr skóli, ný vinna, flutningar og fjölmargt fleira sem felur í sér röskun á félagslegu umhverfi okkar. Hlutir sem kalla á að við þurfum að kynnast nýju fólki og endurskapa okkur eilítið inn í nýtt umhverfi og nýjar aðstæður. Auðvitað reyna allir að bera sig vel og segja að þetta sé allt svo skemmtilegt og yndislegt en þessu fylgir álag. Þetta veldur meira að segja álagi fyrir þá sem velja að skipta um skóla, vinnu eða að flytja. Hvað þá fyrir manneskju sem er nauðbeygð til þess að takast á við slíkt, og það vikulega.

Salbjörg Ósk Atladóttir þarf að flytja vikulega. Hæstiréttur úrskurðaði um það í liðinni viku. Aðstæður Salbjargar Óskar eru um margt sérstakar, hún er einhverf og með aðrar undirliggjandi fatlanir og þarf mikla aðstoð í daglegu lífi, en að baki henni stendur ástrík og samheldin fjölskylda. Það leynir sér ekki. Salbjörg Ósk fær þá aðstoð sem hún þarf á að halda heima við aðra hverja viku en hina vikuna hefur hún þurft að flytja á stofnun því mánaðarlegur kvóti borgarinnar á launagreiðslum fyrir starfsfólk klárast á hálfum mánuði. Faðir hennar hefur reyndar bent á að kostnaður borgarinnar við pláss á sambýli sé sambærilegur við persónulega aðstoð í eigin íbúð. En allt kom fyrir ekki og Salbjörg Ósk hefur því verið í föstum ferðum að heiman og heim umfram það sem getur talist nokkurri manneskju gott.

Í þessari stöðu er hægt að dvelja við úrskurð Hæstaréttar eða regluverkið sem varð til þess að mál Salbjargar Óskar endaði þar með þeim dapurlega hætti sem raun ber vitni. Það er hægt að velta því fyrir sér hvort þessi niðurstaða gangi ekki augljóslega gegn sjálfsögðum mannréttindum þessarar ungu konu. Rétti hennar til friðhelgi einkalífs, heimilis, fjölskyldu og síðast en ekki síst hinum sjálfsagða rétti að hafa eitthvað að segja um heimili sitt, líf og aðstæður. Það er líka hægt að gefa sér það að úrskurður Hæstaréttar hafi verið réttur og í samræmi við lög og reglur sem gilda um viðkomandi mál.

En það er ekki hægt að sætta sig við þessa niðurstöðu. Það er ekki hægt að sætta sig við kerfi sem kennir sig við velferð en endar í átökum fyrir Hæstarétti við skjólstæðing sem vill búa heima hjá sér og fjölskyldu sinni fremur en á sambýli eða stofnun, með fullri virðingu fyrir öllum valkostum. Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, tjáir sig ekki um einstök mál en leggur áherslu á að ríkið þurfi að lögfesta NPA (notendastýrða persónulega aðstoð) til þess að Salbjörg geti búið heima. Það er sem sagt ríkinu en ekki velferðarráði borgarinnar að kenna að svona er komið fyrir Salbjörgu Ósk.

Velferðarráð þarf að átta sig á að það er hlutverk þess að verja velferð skjólstæðinga sinna mun fremur en að verja hagsmuni gallaðs kerfis. Það ágæta fólk sem stjórnar kerfum á borð við þetta þarf að breyta starfsháttum sínum í þá veru að það sé fremur reiðubúið til að laga kerfið að notendum þess, mannréttindum þeirra og vellíðan, fremur en að verja það fyrir Hæstarétti með tilheyrandi kostnaði og meðfylgjandi smán.

**Velferðarráð borgarinnar þarf að átta sig á að það er hlutverk þess að verja velferð skjólstæðinga sinna mun fremur en að verja hagsmuni gallaðs kerfis.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Staðfestan**
**Málaferli utanríkisráðuneytisins og fleiri aðila gegn verslun-inni Iceland hefur vakið athygli um alla Evrópu og jafnvel víðar. Deiluaðilar hittust fyrir helgi en í tilkynningu á vef utanríkisráðuneytisins segir að niðurstaða fundarins hafi ekki orðið önnur en sú að aðgerðum verði haldið áfram. Það er engu líkara en að Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra sýni sömu festu í þessu máli og vinur hennar og flokksbróðir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, gerði gegn kröfuhöfum í sinni ráðherratíð. Eins gott fyrir okkur því öllum íslenskum framleiðendum ber saman um það að verðmæti vörumerkisins Iceland er gríðarlega mikið.**

**Merkilegar umvandanir**
**Það hefur vakið athygli að eini stjórnmálaflokkurinn sem ekki hefur átt neina aðkomu að stjórnarmyndunarviðræðum hingað til er Framsóknarflokkurinn. Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, sagði á Sprengisandi á Bylgjunni í gær að Framsóknarmenn yrðu að taka til heima hjá sér til þess að fá að vera með. Þessar umvandanir formanns Samfylkingarinnar eru auðvitað svolítið merkilegar. Ekki síst í ljósi þess að Framsóknarflokkurinn fékk tvöfalt meira fylgi í nýafstöðnum kosningum en Samfylkingin.**

jonhakon@frettabladid.is

# Myglusveppir eru ógn við heilsu starfsmanna



Erna Guðmundsdóttir
hdl., lögmaður BHM

Félagsmenn leita í auknum mæli til stéttarfélaga innan BHM til að fara yfir réttarstöðu sína vegna veikinda eða sjúkdóms af völdum myglusvepps á vinnustöðum.

Ein skýring á þessu aukna vandamáli virðist vera langvarandi skortur á viðhaldi hjá stofnunum og fyrirtækjum.

**Starfsmenn sendir í veikindaleyfi**
Staða starfsmannanna er misjöfn. Í flestum tilvikum er hægt að uppræta myglusveppinn þannig að starfsmenn geti sinnt störfum sínum án þess að veikjast. Því miður er hins vegar allt of stór hópur starfsmanna sem veikist vegna myglusvepps og ekki tekst að uppræta skaðvaldinn. Staða þess hóps er ekki góð. Starfsmenn geta ekki sinnt starfi sínu þar sem hvorki virðist hægt að laga húsnæðið né útvega þeim nýtt húsnæði.

Einu úrræðin sem vinnuveitendur virðast hafa er að senda starfsmennina í veikindaleyfi án þess að þeir séu í raun og veru veikir, nema þegar þeir eru í hinu sýkta húsnæði. Dæmi eru um að starfsmenn séu sendir í veikindaleyfi og séu í því þangað til veikindaréttur þeirra er tæmdur, jafnvel starfsmenn sem eiga hátt í ár í veikindarétt. Þá eru allmörg tilvik þar sem starfsmenn hafa fundið sig knúna til þess að segja starfi sínu lausu þar sem þeir hafa heilsu sinnar vegna ekki getað snúið aftur til vinnustaðarins.

**Verða af mörgum dagsverkum**
Hve mörg dagsverk eru það sem stofnanir og fyrirtæki verða af, af þeirri ástæðu að starfsmönnum er ekki gert kleift að sinna störfum sínum vegna myglusvepps? Svo ekki sé talað um varanlegan skaða á heilsufari starfsmanna.

Það blasir við að allt of víða er starfsmönnum ekki tryggt öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og það þarf að bæta. Þá ættu starfsmenn ekki að þurfa að nýta veikindarétt sinn þegar um er að ræða slæman aðbúnað á vinnustað. Það er á ábyrgð vinnuveitenda að tryggja að aðbúnaður sé með þeim hætti að starfsmönnum sé mögulegt að sinna störfum sínum.

**Það blasir við að allt of víða er starfsmönnum ekki tryggt öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og það þarf að bæta.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Maður þarf að vera ótrúlega sterkur

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir braut blað í íslenskri íþróttasögu þegar hún tryggði sér sæti á LPGA-mótaröðinni í golfi í gær. Ólafía Þórunn lenti í 2. sæti á lokaúrtökumótinu fyrir mótaröðina og var hársbreidd frá sigri. Hún leggur mikið upp úr andlegum undirbúningi.**

Ingvi Þór Sæmundsson
sveinn@frettabladid.is



**GOLF** „Þetta var frábært, alveg ótrúlegt. Ég er ekki alveg búin að átta mig á þessu. Núna líður mér eiginlega bara eins og eftir hringinn,“ sagði alsæl Ólafía Þórunn Kristinsdóttir í samtali við Fréttablaðið skömmu eftir að hún tryggði sér sæti á LPGA-mótaröðinni, sterkustu atvinnumannamótaröð í heimi.

Ólafía Þórunn var í 2. sæti fyrir lokahringinn í gær og því voru líkurnar henni í hag. Hún gaf ekkert eftir og endaði í 2. sæti á tólf höggum undir pari.

„Ég var alveg búin að átta mig á því fyrirfram, fyrir daginn í dag, að ég ætti góða möguleika,“ sagði Ólafía Þórunn sem átti í smá basli á Hillsvellinum fyrsta keppnisdaginn. Hún spilaði hins vegar frábærlega þriðja og fimmta keppnisdaginn.

„Þetta er aðeins erfiðari völlur, þrengri og minni flatir. Það var mikill vindur í dag [í gær] sem gerði þetta erfiðara. Fyrsta daginn fannst mér ég eiga að skora miklu betur, ég spilaði betur en skorið sýndi.

En það var kannski smá skrekkur í manni, mótið að byrja og svona. Hina dagana fannst mér skorið í samræmi við spilamennskuna,“ sagði Ólafía Þórunn. En lærði hún mikið af því að taka þátt á LET-mótaröðinni, Evrópsku mótaröðinni, í ár?

„Já, klárlega. Ég er búin að læra ótrúlega mikið á því, að keppa við þær bestu og sjá hvernig þær spila. Ég get spilað alveg jafn vel og þær,“ sagði Ólafía Þórunn sem kvaðst ekkert svekkt þótt hún hafi misst af



Ólafía Þórunn var að vonum ánægð með áfangann. MYND/GSÍ

> **Maður þarf að höndla mótlæti og líka þegar það gengur vel.**
> Ólafía Þórunn Kristinsdóttir

efsta sætinu á átjándu holu.

Kylfingurinn knái leggur mikið upp úr andlegum undirbúningi og segist hafa lært hvernig hún á að takast á við pressu og utanaðkomandi athygli. Hún setti sjálfa sig meira að segja í samfélagsmiðlabann á meðan á mótinu í Flórída stóð.

„Svona úrtökumót reyna mikið á mann andlega og maður þarf að vera ótrúlega sterkur. Hvert högg skiptir svo rosalega miklu máli. Þetta er í raun bara keppni í því hver er sterkastur andlega. Það eru allir búnir að undirbúa sig svo vel og æfa svo vel en þegar út í mótið er komið snýst þetta um hver er þolinmóðastur og sterkastur,“ sagði Ólafía Þórunn.

„Maður þarf að höndla mótlæti og líka þegar það gengur vel. Ég var í samfélagsmiðlabanni. Ég leyfði mér ekki að fara inn á þá því það getur verið svolítið yfirþyrmandi. Íslendingar eru svo frábærir, spenntir og halda svo mikið með þér. Núna verð ég að fara að lesa öll skilaboðin,“ sagði Ólafía Þórunn að lokum.




## Ólafía Þórunn komin á stærsta sviðið

**GOLF** LPGA-mótaröðin er stærsta atvinnumannamótaröðin í kvennagolfi en Ólafía er fyrsti íslenski kylfingurinn sem kemst inn á mótaröðina. Ólafía hefur undanfarið ár leikið á LET-mótaröðinni, Evrópsku mótaröðinni, sem er næststerkasta mótaröðin í golfi en árangur hennar í gær tryggir henni sæti á LPGA- og Symetra-mótaröðinni sem eru sterkustu mótaraðirnar vestan hafs.

Ólafía Þórunn varð aðeins annar kylfingurinn sem tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótaröð kvenna á síðasta ári á eftir Ólöfu Maríu Jónsdóttur, kylfingi úr GK.

Um er að ræða stórt tækifæri fyrir Ólafíu en verðlaunaféð í LPGA-mótaröðinni er umtalsvert hærra en þekkist á LET-mótaröðinni ásamt því að hún á möguleika á þátttöku í stærstu golfmótum heimsins.

Til dæmis verður verðlaunaféð á LPGA-mótunum á næsta ári aldrei undir milljón dollurum á LPGA-mótaröðinni en á yfirstandandi tímabili í LET-mótaröðinni voru aðeins tvö mót sem verðlaunaféð var meira en milljón dollarar.

Það að hún hafi náð öðru sæti í gær gæti reynst henni drjúgt en þegar fyrstu mótin fara fram á LPGA-mótaröðinni í lok janúar fá efstu kylfingar úrtökumótsins forgang inn í mótin.

Fyrsta mótið fer fram þann 23. janúar næstkomandi á Ocean View-golfklúbbnum á Bahama en heildar verðlaunaféð í mótinu er 1,4 milljónir dollara, rúmlega 150 milljónir íslenskra króna. – **kpt**



Ólafía ásamt bróður sínum og kylfusveini. MYND/GSÍ

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 13. umferðar 2016-17**

**Man City - Chelsea 1-3**
Sjálfsmark - Diego Costa, Willian, Eden Hazard

**Tottenham - Swansea 5-0**
Harry Kane 2, Christian Eriksen 2, Son Heung-Min.

**C. Palace - Southampton 3-0**
Christian Benteke 2, James Tomkins.

**Stoke - Burnley 2-0**
Jonathan Walters, Marc Muniesa.

**Sunderland - Leicester 2-1**
Sjálfsmark, Jermain Defoe - Shinji Okazaki.

**WBA - Watford 3-1**
Jonny Evans, Chris Brunt, Matt Philipps.

**West Ham - Arsenal 1-5**
Andy Carroll - Alexis Sánchez 3, Mesut Özil, Alex Oxlade-Chamberlain.

**B'mouth - Liverpool 4-3**
Callum Wilson, Ryan Fraser, Steve Cook, Nathan Aké - Sadio Mané, Divock Origi, Emre Can.

**Everton - Man Utd. 1-1**
Leighton Baines - Zlatan Ibrahimovic.

**M'brough - Hull**
Leikurinn hefst klukkan 20.00 í kvöld og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 14 | 11 | 1 | 2 | 32-11 | 34 |
| Arsenal | 14 | 9 | 4 | 1 | 33-14 | 31 |
| Liverpool | 14 | 9 | 3 | 2 | 35-18 | 30 |
| Man City | 14 | 9 | 2 | 2 | 30-15 | 30 |
| Tottenham | 14 | 7 | 6 | 1 | 24-10 | 27 |
| Man Utd. | 14 | 5 | 6 | 3 | 19-16 | 21 |
| WBA | 14 | 5 | 5 | 4 | 20-17 | 20 |
| Everton | 14 | 5 | 5 | 4 | 17-16 | 20 |
| Stoke | 14 | 5 | 4 | 5 | 16-19 | 19 |
| B'mouth | 14 | 5 | 3 | 6 | 19-22 | 18 |
| Watford | 14 | 5 | 3 | 6 | 18-24 | 18 |
| S'oton | 14 | 4 | 5 | 5 | 13-15 | 17 |
| Crystal P | 14 | 4 | 2 | 8 | 24-26 | 14 |
| Burnley | 14 | 4 | 2 | 8 | 12-23 | 14 |
| Leicester | 14 | 3 | 4 | 7 | 17-24 | 13 |
| M'brough | 13 | 2 | 6 | 5 | 12-15 | 12 |
| West Ham | 14 | 3 | 3 | 8 | 15-29 | 12 |
| Sunderland | 14 | 3 | 2 | 9 | 14-24 | 11 |
| Hull | 13 | 3 | 2 | 8 | 11-28 | 11 |
| Swansea | 14 | 2 | 3 | 9 | 16-31 | 9 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi**


Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Lék allan leikinn þegar Swansea steinlá, 5-0, fyrir Tottenham á hans gamla heimavelli. Swansea er aftur komið í botnsætið.


Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Lék ekki með Burnley í 2-0 tapi fyrir Stoke City vegna meiðsla. Þetta var þriðja tap Burnley í röð.


Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Lék allan tímann þegar Cardiff gerði markalaust jafntefli við sterkt lið Brighton.


Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**
Kom inn á sem varamaður þegar Wolves vann kærkominn sigur á QPR.


Fulham
**Ragnar Sigurðsson**
Var ekki í leikmannahópi Fulham sem vann 5-0 stórsigur á Reading á heimavelli.


Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Stóð vaktina í vörn Bristol City sem bar sigurorð af Ipswich Town, 2-0, á heimavelli.



Pep Guardiola var síkvartandi í dómurum leiks Manchester City og Chelsea um helgina. Tveir leikmenn liðsins fengu rautt spjald fyrir gróf brot í leiknum. Pirringurinn virðist vera a

# Pirraður Pep loksins að glíma við

**Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City, stendur nú frammi fyrir fyrsta raunverulega mótlæti ferils síns. inn og hefur ekki unnið heimaleik frá því í september. Varnarleikur Man. City hefur verið slakur en liðið hefur aðe**

**FÓTBOLTI** Eftir flugstart í upphafi tímabils þar sem Manchester City-lið Peps Guardiola virtist boða nýja tíma í enska boltanum hefur olíuveldinu mikla fatast flugið. Liðið var með fullt hús stiga eftir sex leiki en hefur síðan aðeins nælt sér í tólf stig í átta leikjum. Liðið getur ekki unnið leik á heimavelli og mótlætið virðist fara hressilega í taugarnar á leikmönnum og þjálfara liðsins.

**Fóru á taugum í toppslagnum**
Þrátt fyrir að haft mikla yfirburði framan af leik City gegn Chelsea um helgina tókst liðinu ekki að næla í sinn fyrsta heimasigur frá 17. september. Eftir klukkustundarleik jafnaði Chelsea og leikmenn City virtust hreinlega fara á taugum.

Það sama má segja um Guardiola sem hafði allt á hornum sér á hliðarlínunni. Reiðin beindist þó síst að hans mönnum, þrátt fyrir slælega frammistöðu. Fjórði dómarinn, Mike Dean, vann yfirvinnu við að taka á móti kvörtunum frá Guardiola sem virtist afar ósáttur við frammistöðu dómara leiksins, Anthonys Taylor.

Sífellt tuð og pirringur Guardiola virðist hafa smitast yfir til leikmannanna sem gengu af göflunum skömmu fyrir leikslok. Sergio Aguero lét reka sig út af vellinum eftir glórulausa tæklingu á David Luiz og Fernandino fór sömu leið eftir að hafa hrint Cesc Fabregas yfir auglýsingaskilti. Pressan virðist vera að ná til leikmanna og stjóra City.

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Skrifstofustjóri
gsm 690 4966


**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
Rekstrarhagfræðingur
Aðstm. fasteignasala
GSM 663-2508


**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 847-0314

## SKÓGARVEGUR 12-14, 108 REYKJAVÍK



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON 663 2508 / HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR 820 4242**

Stakfell kynnir nýjar, vandaðar íbúðir í Fossvogi. 3ja herb. íbúðir á milli 110 og 120 fm. og 4ra herb. í kringum 160 fm., allar íbúðir með geymslu og stæði í bílakjallara. Afar vel hannaðar íbúðir, fallegar innréttingar frá HTH. Afhendast fullbúnar án gólfefna en með flísum á votrímum.

## VERKTAKAR – FJÁRFESTAR ATHUGIÐ

Erum með til sölu lóð undir atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum á góðum stað í Reykjavík. Samþykktar teikningar fyrir 2250 fm húsi.
**ATH.** Góður leigusamningur til 20 ára við traust fyrirtæki liggur fyrir um eignina.
Tilbúið til byggingar.

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Hrafn Stefánsson hdl., lgf., s: 895-2049, stefan@stakfell.is

## BRÆÐRABORGARSTÍGUR 41, 101 RVK — 42M




**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

Opið hús mánudaginn 5. desember frá kl. 17:30 til 18:00. 89,4 fm íbúð á fyrstu hæð í þriggja hæða fjölb.húsi. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherb., tvö svefnherb., stofu og eldhús, tvær geymslur og bílskúr.

## HAMRABORG 11, 200 KÓP – SKRIFSTOFURÝMI — LEIGU



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

Vandað skrifstofurými á efstu hæð í Hamraborg, samtals 354 fermetrar. Rúmgóðar skrifstofur, kennslusalur, móttökuborð og starfsmannaaðstaða. Tölvulagnir til staðar.

## LAUFÁSVEGUR 22, 101 RVK — TILBOÐ




**GUÐMUNDUR VALTÝSSON / 865 3022**

Einbýlishús við Laufásveg 22. Tvær hæðir og ris auk sér íbúðar í kjallara, bílskúr og sér bílastæði. 318,3 fm, þar af bílskúr 23,0 fm. Í húsinu eru 10 herbergi alls, auk geymslurýmiss og bílskúrs.

## MARKARVEGUR 1, FOSSVOGI – 108 RVK — 117M



**GUÐMUNDUR VALTÝSSON / 865 3022**

422,4 fm einbýlishús á þremur hæðum á góðum stað í Fossvogi. Stór afgirt hornlóð. Stór skjólgóð verönd til suðurs. Frístandandi bílskúr á lóð. Aukaíbúð á jarðhæð. Frábært fjölskylduhús.

## VALLAKÓR 2C, 203 KÓP - ÍBÚÐ 307 — 44.5M




**GUÐMUNDUR VALTÝSSON / 865 3022**

OPIÐ HÚS mánudaginn 5. desember. kl. 17:30-18:00. 123,8 fm. 3ja herb. íbúð á 3. hæð með stórum svölum og útsýni við Vallakór 2c, í nýlegu húsi á frábærum stað í Kórahverfinu. Sérinngangur af svölum.

## SKÓGARVEGUR 12A, 103 RVK — 39.9M




**GUÐMUNDUR VALTÝSSON / 865 3022**

OPIÐ HÚS mánudaginn 5. desember. kl. 16:30-17:00. Tveggja herbergja, fullbúin merkt 0105 , 70,2 m². Íbúðin er á fyrstu hæð með sér afnotareit. Geymsla 0015 og stæði B30 fylgja íbúðinni.

# NÝJAR ÍBÚÐIR OG SÉRHÆÐIR

Stakfell fasteignasala er með úrval nýrra íbúða í sölu. Ýmsar staðsetningar og ýmsar stærðir, tveggja herbergja, þriggja og fjögurra uppí sérhæðir með bílskúr í grónum hverfum á besta stað.
Afhendingartímar mismunandi, strax og fram eftir næsta ári. Fáið allar frekari upplýsingar hjá sölumönnum Stakfells í síma 535-1000 eða stakfell@stakfell.is.

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

# FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

**520 9595**

Fasteignasalan TORG  Garðatorgi 5  210 Garðabær  www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sigurður** Fasteignasali | **Hafdís** Sölustjóri | **Árni Ólafur** Fasteignasali | **Dórothea** Fasteignasali | **Þorsteinn** Fasteignasali | **Jóhanna Kristín** Fasteignasali | **Bjarni** Sölufulltrúi | **Berglind** Fasteignasali | **Óskar** Sölufulltrúi | **Þóra** Fasteignasali | **Þorgeir** Fasteignasali | **Sigríður** Fasteignasali | **Garðar** Fasteignasali | **Halla** Fasteignasali |
| 898 6106 | 820 2222 | 893 4416 | 898 3326 | 694 4700 | 698 7695 | 895 9120 | 694 4000 | 893 2499 | 822 2225 | 696 6580 | 699 4610 | 899 8811 | 659 4044 |

## Þórðarsveigur 13 — 113 Reykjavík — 43.500.000





**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. des. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 5  **Stærð:** 126,5 m²

Falleg, björt og mjög vel skipulögð íbúð á þriðju og efstu hæð ásamt stæði í lokaðri bílageymslu í Grafarholtinu í Reykjavík þar sem örstutt er út í fallega náttúru, skóla og leikskóla. Um er að ræða eign sem er skráð 126,5fm. Í íbúðinni eru fjögur góð svefnherbergi, sjónvarpshol, þvottaherbergi og tvennar svalir. Innréttingar eru úr eik og gólfefni parket og flísar.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm:** 820 2222

## Holtsvegur 51 — 210 Garðabæ — 53.900.000





**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. des. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4  **Stærð:** 154,0 m²

Falleg og rúmgóð 4ra herbergja íbúð með 27,4 fm sérgeymslu með sérinngangi frá bílastæði sem bíður á mikla möguleika. Íbúðin er fullbúin með gólfefnum. Eignin er ný og hefur ekki verið búið í henni áður. Íbúðin sjálf er skráð 126,6 fm og er með þremur mjög góðum svefnherbergjum, sér þvottahúsi innan íbúðar, góðu baðherbergi með glugga, gestasalerni og alrými sem rúmar eldhús og stofu (ekki er alveg opið milli eldhúss og stofu). Innréttingar eru fallegar og samræmdar frá Brúnás og gólfefni flísar og harðparket.
**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm:** 820 2222

## Nönnugata 16 — 101 Reykjavík — 24.900.000



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN 898-6106**

**Herbergi:** 1  **Stærð:** 41 m²

Falleg og björt eins-herbergja ósamþykkt íbúð með sér eldhúsi. Íbúðin er í kjallara með sérinngang. Skiptist í litla forstofu, stórt herbergi, baðherbergi með sturtu og rúmgóðu eldhúsi í sér herbergi. Eignin var nýlega mikið endurnýjuð ss. raflagnir og rafmagnstöflu, ofna og ofnalagnir. Útveggir einangraðir. Einnig voru gluggar og hurðir endurnýjaðar. **Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm:** 898 6106

## Lindargata 28 (íbúð 201) — 101 Reykjavík — 49.700.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. des. kl 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3  **Stærð:** 85,1 m²

Frábært tækifæri til að eignast nýja íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Aðeins ein íbúð eftir í húsinu. Glæsileg fullbúin íbúð með gólfefnum, ísskáp, uppþvottavél og hágæða innréttingum frá GKS. Suðursvalir og fallegt lyftuhús. Hagnýtt skipulag og nútímaleg hönnun. Stutt í alla þjónustu. Eignin er laus við kaupsamning. Sjón er sögu ríkari! **Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm:** 820 2222

## Langalína 20-26 — SJÁLANDI Garðabæ




**BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM. 699-4610**

**Herbergi:** 2-5  **Stærð:** 92-185 m²

Sala er hafin 2ja- 5 herb. búðum í glæsilegu 3ja hæða álklæddu lyftuhúsi við sjávarkambinn. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðunum.Vandaðar innréttingar frá Brúnás, AEG eldhústæki og stein borðplata frá S.Helgasyni. Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergum og þvottahúsum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm:** 699 4610

## Lundur 5 — Fossvogsdalnum í Kópavogi




**BÓKAÐU SKOÐUN Í GSM: 699-4610**

**Herbergi:** 3-4  **Stærð:** 120,5-194,4 m²

Glæsilegt álklætt fjölbýlishús með sjávarútsýni. Íbúðirnar eru bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum sem ná niður í gólf og hita í gólfum. Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum Vandaðar innréttingar og tæki. Ein besta staðsetning á höfuðborgarsvæðinu.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm:** 699 4610

## Kambsvegur 1 A — 104 Reykjavík — 54.900.000




**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. des. kl. 18.00-18.30**

**Herbergi:** 4  **Stærð:** 182,4 m²

Falleg sérhæð í þríbýlishúsi á þessum vinsæla stað í borginni. Hæðin er skráð samtals 182,4 fm. þar af er 29 fm. bílskúr. Ný baðinnrétting. Þrennar svalir eru á hæðinni. Gróinn garður og fallegt útsýni yfir sundin til norðurs. Frábær staðsetning þar sem örstutt er í flesta þjónustu og Laugardalurinn í göngufæri.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm:** 699 4610

# GARÐATORG 2a og 2b

210 Garðabæ

**OPIÐ HÚS mán. 5. des. kl.17:30-18:00**

SÉRLEGA GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR MEÐ MIKLU ÚTSÝNI!






**Garðatorg 2b**

| | |
|---|---|
| Íbúð: | 0505 |
| Stærð: | 143,1 m2 |
| Herbergi: | 3ja-4ra |
| Bílastæði: | Já |
| Svalir: | 8 m2 |
| Bað: | 2 |
| **Verð:** | **74.800.000 kr.** |

**2 ÓSELDAR ÍBÚÐIR Í GARÐATORGI 2A.**
**11 ÓSELDAR ÍBÚÐIR Í GARÐATORGI 2B.**

**Sýningaríbúð á sjöttu og efstu hæð, Garðatorgi 2A íbúð 604.**
Aukin lofthæð, hærri og stærri gluggar, mikið útsýni. Einnig fylgir sýningaríbúðinni parket, ísskápur og uppþvottavél og ljós í íbúðinni. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílakjallara, góð geymsla í sameign, og myndadyrasími.

**ÞG Verk og Fasteignasalan TORG kynna:** glæsilegt fjölbýlishús í miðbæ Garðabæjar. Um er að ræða tvo turna. Annar er 6 hæða, hinn 8 hæða. Efnisval allt hið vandaðasta, innréttingar frá Trésmiðju GKS. Aukin lofthæð, mikið útsýni út yfir Arnarnesvog og Álftanes. Stæði í bílakjallara.
**Afhending á íbúðum 2 vikum eftir kaupsamning!**

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÖLUMENN**
**Í SÍMA 520-9595**



## Strandvegur 23 — 210 Garðabæ — 50.000.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. des. kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 3  **Stærð:** 103,9 m²  Bílageymsla

GLÆSILEG ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ - MIKIL LOFTHÆÐ Í STOFU: Glæsileg 3ja herbergja íbúð með háum stofugluggum og mikilli lofthæð í opnu rými sem er eldhús, stofa/borðstofa. 2 svefnherbergi, rúmgott flísalagt baðherbergi með sturtuklefa, þvottahús inn í íbúð, eikarparket á gólfum. Suðaustursvalir. Stæði í bílageymslu.
**Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm:** 698 7695

## Langalína 14 — 210 Garðabær — 53.800.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 5. des. kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 3  **Stærð:** 129 m²  Bílageymsla

Glæsilega 3ja herbergja íbúð 2. hæð í lyftuhúsi við Löngulínu 14 í Garðabæ. Stæði í bílakjallara fylgir. Eignin nýtur einstaks útsýnis. Húsið stendur við hafflötinn og er því í nánum tengslum við sjóinn, fuglalíf og náttúru. Sjálandshverfið er sérstaklega vel staðsett og öll þjónusta í næsta nágrenni. Nýr grunnskóli og leikskóli og sérgerð ylströnd eru í hverfinu. **Upplýsingar veitir Þorsteinn fasteignasali í gsm:** 694 4700

# GIMLI

Sími 570 4800



Fasteignasala / Grensásvegur 13
2. hæð 108 Rvk. / gimli.is

Sigþór 899 9787 Löggiltur fasteignasali · Ellert 661 1121 Löggiltur fasteignasali · Katrín 570 4800 · Hafrún 570 4800 · Árni 570 4800 Viðskiptafræðingur Löggiltur fasteignasali

## Hvers virði er eignin þín?

- Frítt verðmat
- Engin skuldbinding

**ÞEKKING • REYNSLA • ÖRYGGI**

---

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
*Kristín Sigurey Sigurðardóttir - löggiltur fasteignasali*



Árný Ritari · Sigurlaug 891 8308 · Ólafía 898 8242 · Sigrún 857 2267 · Daði 820 8103 · Kristín 820 8101

### Hverfisgata – 101 Reykjavík



Rúmgóð 3ja - 4ra herbergja 73,3 fm íbúð á efstu hæð miðsvæðis í Reykjavík. Fyrir framan húsið er lítið huggulegt torg með bekkjum og bak við húsið er sameiginlegur garður með leiktækjum. **V – 36,9 millj.**

### Baldursgata – 101 Reykjavík



Falleg og vel skipulögð íbúð á annarri hæð á vinsælum stað. Birt stærð íbúðar er 40,3 fermetrar, auk 3,8 fm geymslu. Samkvæmt eiganda eru nýjir gluggar í íbúðinni. **V – 29,9 millj**

### Skólavörðustígur – 101 Reykjavík



Vel staðsett, björt og glæsileg, 168.2 fm, 4-5 herbergja íbúð á tveimur hæðum á 3-4 hæð í nýlegu húsi í miðbæ Reykjavíkur. Efri hæðin er fallegur og bjartur glerskáli. Tvennar suðursvalir og mikið útsýni. **V- 82,9 millj.**

### Rituhólar – 109 Reykjavík



Mjög fallegt, vandað og vel skipulagt einbýlishús á einstaklega fallegum útsýnisstað í Reykjavík. Eignin skiptist í Forstofu, stofu, eldhús, tvö baðherbergi, þrjár stofur, sjö herbergi, bílskúr og geymslu. **V – 92 millj.**

**Við seljum eignir um allt land**

---

# GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7, 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800 | gardatorg@gardatorg.is | www.gardatorg.is
**Sigurður Tyrfingsson** Lögg. fasteignasali S: 898-3708 sigurdur@gardatorg.is

**Sölumenn :**



**Sigurður Tyrfingsson**
löggiltur fasteignasali
sími 898-3708,
sigurdur@gardatorg.is



**Elka Guðmundsdóttir,**
nemi til löggildingar fasteignasala
sími 863 8813, elka@gardatorg.is

**Linda Björk Ingvadóttir,**
nemi til löggildingar fasteignasala
sími 8687048, linda@gardatorg.is

## OPIÐ HÚS

### Lindarflöt 46. Garðabæ




**OPIÐ HÚS mán. 5. desember kl. 17:00 - 17:30**
Fallegt, mikið endurnýjað og fjölskylduvænt einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Eignin er skráð 182,3 fm, þar af 36,5 fm bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Garðurinn er einstaklega skemmtilegur, með stórum sólpalli, rafmagnsnuddpotti, útisturtu og leiktækjum fyrir börn. **Verð: 85 millj.**
**Nánari upplýsingar: Elka Guðmundsdóttir, elka@gardatorg.is, s. 8638813**

## Innri-Njarðvík - Reykjanesbær

### Stapabraut 5.



Við Reyknesbraut, nálagt Keflavíkurflugvelli. Samtals 870 fm . Tilvalið húsnæði t.d sem þjónustumiðstöð fyrir bílaleigu, verkstæði, skrifstofur og önnur þjónusta. Smurgryfja, aðstæða fyrir bílaþvotta, verkstæði og fleira stórt bílaplan. Húsnæðið er tæplega tilbúið til innréttinga.

### Tjarnarbraut 24.



Samtals 1606,1 fm! Efri hæð: Gistihús með samþykki fyrir 24 gistiherbergjum, samtals 927,4 fm. Fyrsta hæð samtals 678,7 fm. verslun og þjónusta (ýmsir möguleikar). Húsnæðið er tæplega tilbúið til innréttinga og fullbúið að utan. Möguleiki á að kaupa húsnæðið eins og það er í dag eða fullbúið.

**Upplýsingar veita: Sigurður lögg. fast. s. 898-3708 / sigurdur@gardatorg.is**
**Linda s. 868-7048 / linda@gardatorg.is**

**REYNSLA - TRAUST - ÁRANGUR**

---

Framúrskarandi fyrirtæki 2015

# Stofnað 1983 HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

**Magnús Emilsson lögg. fasteignasali**
**Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali**
**Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali**
**Tinna Rún Einarsdóttir lögg. fasteignasali**
**Helgi Jón Harðarson sölustjóri**
**Hilmar Þór Bryde sölumaður**
**Hlynur Halldórsson sölumaður**
**Hildur Loftsdóttir skrifstofa**

### KAPLAHRAUN - ATVINNUHÚSN. – HFJ.



Nýkomið á besta stað í Hafnarfirði 480 fm atvinnuhúsnæði sem býður upp á mikla möguleika, m.a. að skipta húsnæðinu í 4-8 smærri bil. Góð framlóð og baklóð. Fín aðkoma.

**Verð 89 millj.**

**Nánari uppl. gefur sölustjóri Hraunhamars Helgi Jón í s: 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is**

### EFSTAHLÍÐ - ENDARAÐHÚS – HFJ.



Nýkomið í einkasölu glæsilegt endaraðhús með innbyggðum bílskúr samtals 180,5 fm.
Húsið er með fjórum svefnherbergjum stofu, borðstofu, glæsilegu eldhúsi og fl. Stór verönd í suður með heitum potti, rúmgóð mynstursteypt bílastæði.

**Fullbúin og góð eign á vinsælum stað.**

**Nánari upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars 520-7500.**

### MÁVAHRAUN - EINBÝLI – HFJ.



Nýkomið í einkasölu mjög fallegt og rúmgott einbýli á einni hæð með tvöföldum bílskúr samtals ca 230 fm.
Í hluta bílskúrs er lítil íbúð með sérinngang.
Arinn í stofu, suður garður. Stutt m.a. í skóla, verslanir, íþróttasvæði ofl. Góð staðsetning í vinsælu hverfi. Húsið er laust fljótlega. **Verð 63,8 millj.**

**Nánari upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars 520-7500.**

### HNOÐRAVELLIR - GLÆSILEGT RAÐHÚS



Glæsilegt raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr samtals 180 fm. Húsin afhendast fullbúin að utan með frágenginni lóð og bílaplani. Að innan eru húsin rúmlega tilbúin til innréttinga. Húsin eru steypt, einangruð og klætt að utan með flísum. Glæsileg hús, skemmtileg hönnun, hátt til lofts í alrými. Eignir sem vert er að skoða.Traustur verktaki: Virki ehf. Arkitekt: Eyjólfur Bragason. **Til afhendingar strax.**

**Nánari uppl. veita sölumenn í s: 520-7500.**

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**



**BORG**
FASTEIGNASALA

**519 5500**
SÍÐUMÚLA 23 · 108 REYKJAVÍK · FASTBORG.IS
Þóra Birgisdóttir löggiltur fasteignasali

**Opið hús** | mán 5. des kl. 17.00 -17.30





**Mántún 9 -** íbúð 504 — **Reykjavík**

Fjölbýlishús | 3 herbergi | 130 fm | Stæði í bílskýli

**59.900.000**

Vandaðar innréttingar. Laus strax

**Brandur** fasteignasali **897 1401**



**Blésugróf 31** — **108 Reykjavík**

Elnbýlishús | 9 herbergi | 275,5 fm | Stúdíóíbúð í bílskúr

**67.000.000**

Einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð

**Úlfar** fasteignasali **897 9030**

## ÓSKUM EFTIR SÉRBÝLI Í VESTURBÆ REYKJAVÍKUR OG Á SELTJARNARNESI

**Nánari upplýsingar veita fasteignasalarnir:**

**Brandur Gunnarsson**, Lögg. fasteignasali **897 9030**
**Gunnlaugur Þráinsson**, Lögg. fasteignasali **844 6447**
**Úlfar Þór Davíðsson**, Lögg. fasteignasali **897 1401**

**NÝJAR ÍBÚÐIR Á SIGLUFIRÐI**



**Hlíðarvegur 20** — **580 Siglufjörður**

2-3 herbergi | 65-114 fm | Fullbúnar íbúðir án gólfefna

**Brandur Gunnarsson**, Lögg. fasteignasali **897 9030**
**Gunnlaugur Þráinsson**, Lögg. fasteignasali **844 6447**
**Úlfar Þór Davíðsson**, Lögg. fasteignasali **897 1401**

**Pantið skoðun**



**Skuggahverfi -** Vatnsstígur 20-22 og Lindargata 39, 101 Reykjavík

**Davíð Ólafsson**, Lögg. fasteignasali **897 1533**
**Brandur Gunnarsson**, Lögg. fasteignasali **897 9030**
**Gunnlaugur Þráinsson**, Lögg. fasteignasali **844 6447**
**Úlfar Þór Davíðsson**, Lögg. fasteignasali **897 1401**

# GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

## 3ja og 4ra herbergja íbúðir í Þverholti og Einholti



- Íbúðir afhendast fullbúnar með gólfefnum
- Vandaðar innréttingar frá GKS
- Spanhelluborð og blástursofn
- Stæði í bílgeymslu fylgir öllum íbúðum
- Rafmagnstengi við öll sérbílastæði
- Aðstaða til hjólaviðgerða í kjallara
- Aðgengi að sal og „laundromat" Smiðjuholts
- Glæsilegur innri garður með dvalarsvæðum
- Fyrirmyndar aðgengi og hljóðvist

**OPIÐ HÚS**
**Einholti 12**
mánudaginn
5. desember
kl. 16-17

**ÁVINNINGUR MEÐ BÚSETAÍBÚÐ**

- Örugg búseta meðan þér hentar
- Þú festir minni fjármuni í fasteign
- Þú færð vaxtabætur líkt og eigandi
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um allt ytra viðhald á húsnæði
- Hátt þjónustustig

Allar nánari upplýsingar á www.buseti.is og á skrifstofu Búseta í síma 520 5788

**VERÐDÆMI: EINHOLT 12**
**Rúmgóð 3ja herb. endaíbúð - 108,3 m2**
**Sveigjanlegur búseturéttur með eða án aukinnar eignarmyndunar.**
**Mánaðargjald frá kr. 224.785,-**
Mánaðargreiðsla innifelur fjármagnskostnað, fasteignagjöld, bruna- og húseigendatryggingar, hita íbúðar, hússjóð, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóði.

B-01-1216

**BÚSETI**™ Síðumúli 10 • 108 Reykjavík • sími 520 5788 • buseti@buseti.is • www.buseti.is



FASTEIGNASALA
EIGNALIND

**Sigurður Oddur Sigurðsson**
Löggiltur fasteignasali
sími 6168880
sos@eignalind.is



heimili fasteignasala
– á traustum grunni



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali


## Hörðukór 1 - Gullfalleg 3ja herbergja




Gullfalleg um 100 fm íbúð á 12 hæð í þessu vandaða fjölbýli. Mjög gott skipulag og fallegar innréttingar. Björt stofa og rúmgóð herbergi. Stórar yfirbyggðar suðursvalir, stórbrotið útsýni. Stæði í bílageymslu fylgir. Sérlega góð sameign. Laus fljótlega.
**Verð 40,9 millj.**
**Opið hús í dag frá kl. 17:00 - 17:30. Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**

## Hraunbær 98 - falleg 2ja herb. á 2. hæð




Falleg og björt um 61 fm 2ja herbergja íbúð á 2. hæð. Björt suðurstofa með stórum svölum og fallegu útsýni. Parket á gólfum. Almennt gott ástand á íbúðinni, kjörin sem fyrsta eign. Góð sameign og lóð með leiktækjum.
**Verð 25,9 millj. Opið hús í dag frá kl. 18:00 - 18:30.**
**Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**

## Sóleyjarimi 3 - 3ja herbergja fyrir 50+



Um 100 fm íbúð á 4. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Fallegar innréttingar, vönduð gólfefni og gott skipulag. Stórar yfirbyggðar svalir í suður með fallegu útsýni, einnig er fallegt útsýni til norðurs að Esjunni.
**Verð 39,9 milljónir. Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.**

## Hrísrimi 4 - góð 4ra herbergja



Vel skipulögð 4ra herbergja endaíbúð á jarðhæð. Þrjú svefnherbergi, endurbætt eldhús og baðherbergi. Sérinngangur og góður afgirtur sólpallur. Mjög viðhaldslítið hús. Íbúðin getur losnað fljótt.
**Frekari upplýsingar veitir Bogi, 699-3444.**

**530 6500** Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

## Búmenn auglýsa íbúðir

**Búseturéttur á markaðsverði**

### Ferjuvað 7, íb. 101 Reykjavík



Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 92 fm að stærð ásamt stæði í bílakjallara. Íbúðin er á fyrstu hæð í fjögra hæða fjölbýlishúsi með lyftu. **Ásett verð búseturéttarins er kr. 6 millj. og eru mánaðargjöldin um 192.000.-.**

### Ferjuvað 11, íb. 102 í Reykjavík

Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð sem er um 74 fm að stærð. Íbúðin er á fyrstu hæð í fjögra hæða fjölbýlishúsi með lyftu. **Ásett verð búseturéttarins er kr. 4,5 millj. og eru mánaðargjöldin um 141.000.-.**

### Hólmvað 8, íb 304 í Reykjavík



Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 95 fm að stærð ásamt stæði í bílakjallara. Svalir eru yfirbyggðar Íbúðin er á þriðju hæð í fjögra hæða fjölbýlishúsi með lyftu. **Ásett verð búseturéttar er kr. 6 millj. og eru mánaðargjöldin um 194.000.-**

### Blásalir 24 , íb 903 í Kópavogi



Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð sem er um 78 fm að stærð ásamt stæði í bílakjallara. Svalir eru yfirbyggðar. Íbúðin er á níundu hæð í tíu hæða fjölbýlishúsi með lyftu. **Ásett verð búseturéttar er kr. 7,6 millj. og eru mánaðargjöldin um 157.000.-.**

### Klettatún 6, íb. 202 á Akureyri



Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 82 fm að stærð. Íbúðin er á annari hæð í tveggja hæða fjölbýlishúsi. **Ásett verð búseturéttarins er kr. 7 millj. og eru mánaðargjöldin um 123.000.-.**

### Miðnestorg 3, 308 í Sandgerði



Til sölu er búseturéttur í einstaklingsíbúð í fjölbýli á þriðju hæð í lyftuhúsi sem er um 56 fm að stærð **Ásett verð búseturéttarins er kr. 1,950 þús og eru mánaðargjöldin um 91.000,-**

### Miðnestorg 3, 302 í Sandgerði

Til sölu er búseturéttur í 2 ja herbergja íbúð í fjölbýli á þriðju hæð í lyftuhúsi sem er um 71 fm að stærð **Ásett verð búseturéttarins er kr. 2,5 millj. og eru mánaðargjöldin um 108.000,-**

### Vogagerði 34, parhús í Vogum



Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja parhús sem er um 102 fm að stærð ásamt 25 fm bílskúr. **Ásett verð búseturéttarins er kr. 6 millj. og eru mánaðargjöldin um 185.000**

***Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.***

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðirnar og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmanna í síðasta lagi 9 desember n.k.

**Tilboðsfrestur er til 16 desember n.k.**

Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl 9-15. Einnig er hægt að nálgast frekari upplýsingar um íbúðir til sölu á heimasíðu Búmanna á **búmenn.is**





Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## BÍLAR & FARARTÆKI

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

SPARIbíll



**ALGER SPRENGJA !**
Síðustu 2016 Nýjir Renault Master L2H2 millilangur háþekju DCI 125 á aðeins 3.190.000 án vsk. Kostar um 4 milljónir með þessum búnaði hjá BL.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir




## ÞJÓNUSTA

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- **MÚRVINNA**
- **SMÍÐAVINNA**
- **MÁLNINGARVINNA**
- **JARÐVINNA**

**TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !**
**Uppl. í s: 788 8870 eða murumogsmidum@murumogsmidum.is**
**Múrum og smíðum ehf**

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSASMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM Í NÓVEMBER.**
Gips, viðgerðir, uppsetning á innréttingum, gluggum og hurða ísetning. Þakrennur og niðurföll. Lekavandamál í húsum. Sumarhús. Öllréttindi og mikil reinsla. Get tekið að mér Byggingarstjórn. Tilboð, tímavinna.

Upplýsingar í s 893-5374 eða nybyggd@gmail.com

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Tölvur

Tölvuviðgerðir og uppfærslur Mac & Windows. Sæki / sendi.Tölvukarlinn Sími 5671 919 & 666 1919

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## til sölu



## Spádómar




**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá av. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# HÚSNÆÐI

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18




HUMARSALAN
SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

115 SECURITY

**JÓLAGÆSLA**
Skilyrði:
-Hreint sakavottorð
-Íslenskukunnátta
-Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

## Atvinna óskast

43 ára iðnaðarmaður til 20 ára leitar eftir tilbreytingu í starfi. Leitar eftir framtíðarstarfi, skoða allt mögulegt. Uppl. sendist á krummi@live.com

## fasteignir

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Sérbýli í Vogum eða Túnum óskast**
Höfum kaupanda að 200-250 fm einbýlishúsi eða raðhúsi í Vogum eða Túnum í Reykjavík.

**Sérbýli í Fossvogi óskast**
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi eða raðhúsi í Fossvogi.

**Sérbýli í Vesturbænum óskast**
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi í Vesturbænum.

**Sérbýli á Seltjarnarnesi óskast**
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi eða raðhúsi á Seltjarnarnesi.

**Sérbýli í Skerjafirði óskast**
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi í Skerjafirði.

**2ja- 3ja herb. íbúð óskast**
Höfum kaupanda að 2ja-3ja herb. íbúð í miðbæ, vesturbæ eða hlíðum.
Æskileg stærð 55-75 fm.

Nánari upplýsingar veitir:
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali,
s: 861 8514, sverrir@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## í jólapakkann

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilvalið í jólapakkann fyrir þá sem eiga allt!**



Andlitsbað, maski og litun á augabrúnir á aðeins 8000.-kr.
Bættu við augnaháralitun fyrir aðeins 1.500.-kr.
Minnum á gjafabréfin okkar.

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



ð stigmagnast á Etihad-vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# mótlæti

Liðið tapaði illa í toppslagnum gegn Chelsea á laugardag-ins tvisvar haldið hreinu í fjórtán deildarleikjum.

» Með 1-3 sigri Chelsea á Manchester City um helgina varð liðið fyrsta liðið til þess að vinna deildarleik í Manchester-borg frá 24. september. Þá vann Manchester United vann 4-1 sigur á Leicester á Old Trafford.

„Ég þarf að skilja að þetta er England, ég kom ekki hingað til þess að breyta öllu.

Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Manchester City



liðum þannig að einstaklingsgæði leikmanna hans hafa náð að breiða yfir þau vandræði sem gjarnan fylgja aðlögunartímabili nýrra stjóra. Enska deildin er þó öðruvísi en þýsku og spænsku deildirnar og hér berjast fjögur til fimm lið um titilinn á meðan hin liðin gefa ekkert eftir. Ekkert pláss er fyrir mistök líkt og City hefur komist að. Ef ekki hefði verið fyrir frábært gengi í upphafi tímabils væri liðið í bullandi vandræðum.

**Aðgangsharður við leikmenn sína**

Pep er þekktur fyrir að vera afar kröfuharður í garð leikmanna sinna og miðað við myndbönd sem sést hafa af honum á æfingu hjá Bayern München getur hann verið ansi aðgangsharður. Er það í algjörri andstöðu við afslappað viðmót forvera Peps í starfi, Manuels Pellegrini. Ekki er ólíklegt að slíkt skapi spennu á milli leikmannanna og Peps, sérstaklega á meðan stigin tikka ekki inn um hverja helgi líkt og undanfarnar vikur.

Pirringurinn jókst jafnt og þétt eftir jöfnumarmark Chelsea um helgina og miðað við hvernig leikmenn og þjálfarar brugðust við mótlætinu þarf ekki sérfræðing til að sjá að eitthvað kraumar undir yfirborðinu.

„Ég þarf að skilja að þetta er England, ég kom ekki hingað til þess að breyta öllu,“ sagði Pep eftir leikinn gegn Chelsea. Hann stendur nú frammi fyrir alvöru mótlæti í fyrsta sinn á ferli sínum. Hvernig hann bregst við því mun vega þungt þegar ferill hans verður gerður upp að lokum. **tryggvipall@365.is**

# SKELFILEGUR LOKALEIKUR

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta fór illa að ráði sínu gegn því makedónska í riðli 3 í Þórshöfn í undankeppni HM 2017 í gær. Ísland vann fyrstu tvo leiki sína í riðlinum, gegn Austurríki og Færeyjum, og mátti tapa leiknum í gær með sex mörkum. En íslensku stelpurnar náðu sér ekki á strik gegn Makedóníu og töpuðu með sjö mörkum, 20-27.

„Það er ótrúlega svekkjandi að ná ekki þeim markmiðum sem við settum okkur,“ sagði Axel Stefánsson landsliðsþjálfari í samtali við Fréttablaðið. „Við náðum ekki upp þeim góða varnarleik sem við náðum í fyrstu tveimur leikjunum. Þetta var barátta og við náðum aldrei að koma almennilega til baka.“

Arna Sif Pálsdóttir minnkaði muninn í 20-26 þegar mínúta var til leiksloka en Makedóníukonur áttu síðustu sóknina og nýttu hana til að skora sitt 27. mark. „Það var mjög grátlegt að sjá hann fara inn. Við þurfum að læra af þessu. Það eru tvö ár í næsta stóra möguleika á stórmóti. Við þurfum að skipuleggja okkur fyrir það,“ sagði Axel sem kvaðst nokkuð sáttur með fyrstu tvo leikina í Færeyjum. Hann segir þó að liðið þurfi að vinna meira í sóknarleiknum en það taki tíma.

„Það vantar tímasetningar og takt í sóknarleikinn. Þær eru svolítið staðar,“ sagði Axel sem verður með leikmenn íslenska liðsins á æfingum fram á fimmtudag. **– iþs**



**Axel Stefánsson, landsliðsþjálfari**



**Guðmundur Atli þurfti að hætta í fótbolta, aðeins 29 ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# TRYGGIR EKKI EFTIR Á

**FÓTBOLTI** Guðmundur Atli Steinþórsson, leikmaður Breiðabliks, neyddist til að leggja skóna á hilluna, aðeins 29 ára gamall, eftir að hann greindist með hjartagalla. Í skoðun í tengslum við Evrópuleik Breiðabliks og Jelgava í sumar kom stækkun á hjartavöðva í ljós við ómskoðun.

„Ég viðurkenni alveg að þetta var skellur. Ég er búinn að vera í íþróttinni síðan ég var krakki og svo er hún tekin af manni á einu augnabliki. Maður er svolítið valdalaus,“ sagði Guðmundur í samtali við íþróttadeild. Guðmundur lék lengst af í neðri deildunum. Hann skoraði 41 mark í 65 leikjum með HK í 1. og 2. deild á árunum 2013-15 og fékk í kjölfarið tækifæri á að spila með Breiðabliki í Pepsi-deildinni. Hann náði þó aðeins að leika sex deildarleiki með Blikum.

Guðmundur vonast til að leikmenn verði skoðaðir reglulega hér landi en hjartagallinn uppgötvaðist út af því að Breiðablik var að spila í Evrópukeppni. Knattspyrnusamband Evrópu er með strangt eftirlit og lætur alla leikmenn í Evrópukeppnum gangast undir læknisskoðun.

„Félögin og KSÍ ættu að reyna að komast að einhverju samkomulagi um að láta leikmenn fara í skoðun. Menn tryggja sig ekki eftir á í svona málum. Þegar slysin gerast eru þau alvarleg. Það þarf oft einhver slys til að eitthvað sé gert í svona málum,“ sagði Guðmundur. **– iþs**

# ÁFRAM SEX STIGA FORYSTA

**FÓTBOLTI** Sergio Ramos, fyrirliði Real Madrid, hefur verið drjúgur í stóru leikjunum í gegnum tíðina. Hann hefur skorað í tveimur úrslitaleikjum í Meistaradeild Evrópu og samtals fjögur mörk í El Clásico, leikjum Real Madrid og Barcelona. Fjórða El Clásico-markið hans kom á laugardaginn þegar hann tryggði Real Madrid 1-1 jafntefli gegn Barcelona á Nývangi.

Madrídingar voru ívið sterkari í tíðindalitlum fyrri hálfleik en í þeim seinni voru Börsungar betri aðilinn. Luis Suárez kom Barcelona yfir þegar hann skallaði aukaspyrnu Neymars í netið á 53. mínútu. Neymar og Lionel Messi fengu báðir dauðafæri til að auka muninn en nýttu þau ekki. Börsungum hefndist fyrir það á lokamínútunni þegar Ramos jafnaði metin með skalla eftir aukaspyrnu Luka Modric. Jafnteflið þýðir að Real Madrid heldur sex stiga forskoti á Barcelona á toppi spænsku úrvalsdeildarinnar.

„Þetta forskot er ávöxtur vinnunnar sem við höfum lagt á okkur,“ sagði Ramos eftir leik. „Við megum ekki ofmetnast því það er mikið eftir. En það er betra að hafa þetta í eigin hendi en að þurfa að treysta á aðra.“

Real Madrid hefur nú leikið 26 deildarleiki í röð án þess að bíða ósigur en liðið hefur aðeins tapað einum af 34 leikjum í spænsku úrvalsdeildinni frá því Zinedine Zidane tók við þjálfun þess. **– iþs**




# Nýjast

## Forkeppni HM 2017

**Ísland - Færeyjar 24-16**

**Mörk Íslands:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 7, Karen Knútsdóttir 3, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 3/2, Birna Berg Haraldsdóttir 3/1, Steinunn Hansdóttir 3, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Rakel Dögg Bragadóttir 1, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 1, Sunna Jónsdóttir 1.

**Ísland - Makedónía 20-27**

**Mörk Íslands:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 5, Karen Knútsdóttir 5/3, Birna Berg Haraldsdóttir 2, Rut Jónsdóttir 2, Sunna Jónsdóttir 2, Hildigunnur Einarsdóttir 1, Steinunn Hansdóttir 1, Arna Sif Pálsdóttir 1, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Austurríki | 4 | Ísland | 4 |
| Makedónía | 4 | Færeyjar | 0 |

## Olísdeild karla

**Stjarnan - ÍBV 21-22**

**Stjarnan:** Ari Magnús Þorgeirsson 5, Ólafur Gústafsson 5, Garðar B. Sigurjónsson 3, Hjálmtýr Alfreðsson 2, Brynjar Jökull Guðmundsson 2, Guðmundur Sigurður Guðmundsson 2, Stefán Darri Þórsson 1, Starri Friðriksson 1.

**ÍBV:** Kári Kristján Kristjánsson 4, Grétar Þór Eyþórsson 4, Sigurbergur Sveinsson 4, Theodór Sigurbjörnsson 3, Magnús Stefánsson 2, Agnar Smári Jónsson 2, Elliði Snær Viðarsson 2, Ágúst Emil Grétarsson 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 20 | ÍBV | 14 |
| Haukar | 18 | Akureyri | 11 |
| FH | 16 | Grótta | 11 |
| Valur | 16 | Fram | 9 |
| Selfoss | 14 | Stjarnan | 9 |

## Dominos-deild kvenna

**Snæfell - Haukar 75-63**

**Stigahæstar:** Aaryn Ellenberg-Wiley 31/7 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 15, Gunnhildur Gunnarsdóttir 9 - Kelia Shelton 20/12 fráköst, Þóra Kristín Jónsdóttir 13.

**Njarðvík - Grindavík 59-85**

**Stigahæstar:** Carmen Tyson-Thomas 19/10 fráköst, Soffía Rún Skúladóttir 11 - Ashley Grimes 26/11 fráköst/5 stoðs., Petrúnella Skúladóttir 17, Ingunn Kristínardóttir 17.

**Valur - Stjarnan 68-76**

**Stigahæstar:** Mia Loyd 23/7 fráköst, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 16 - Danielle Rodriguez 23/10 fráköst/5 stoðs., Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15/17 fráköst.

**Skallagr. - Keflavík 55-68**

**Stigahæstar:** Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 19/17 fráköst/5 stoðs., Tavelyn Tillman 13 - Ariana Moorer 25, Birna Valgerður Benónýsdóttir 14, Erna Hákonardóttir 9.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 18 | Stjarnan | 10 |
| Snæfell | 16 | Valur | 8 |
| Skallagrímur | 14 | Grindavík | 6 |
| Njarðvík | 10 | Haukar | 6 |

## Bikarkeppni karla í körfubolta

| | | |
|---|---|---|
| Haukar | 99–65 | Haukar B |
| Keflavík | 70–93 | Þór Þorl. |
| FSu | 81–59 | Sindri |
| Þór Ak. | 93–81 | Tindastóll |

## Bikarkeppni karla í handbolta

| | | |
|---|---|---|
| ÍBV 2 | 20–38 | Haukar |
| Fjölnir 2 | 18–28 | Fram |
| Akureyri U | 17–26 | Valur |

# Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.50 | Middlesbrough - Hull | Sport |
| 22.00 | Messan | Sport |

**Bikarkeppni karla í handbolta**

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Akureyri - FH | KA-heimilið |
| 20.00 | HK 2 - Grótta | Digranes |

**Bikarkeppni karla í körfubolta**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Grindavík - ÍR | Grindavík |
| 19.15 | KR - Fjölnir | DHL-höllin |
| 19.30 | Valur - Skallagr. | Valshöllin |

# Þau áttu helgina



## Arnór Ingvi Traustason
*Fótboltamaður hjá Rapid Vín*

Íslenski landsliðsmaðurinn skoraði eina markið í leik Rapid Vín og St. Pölten í 18. umferð austurrísku úrvalsdeildarinnar á laugardaginn. Arnór Ingvi var í byrjunarliði Rapid Vín og hann skoraði sigurmark liðsins á 79. mínútu. Hann fékk þá boltann vinstra megin í vítateignum eftir góðan undirbúning Louis Schaub og kláraði færið af yfirvegun. Þetta var annað deildarmark Arnórs Ingva fyrir Rapid Vín en hann kom til félagsins frá Norrköping í Svíþjóð fyrir tímabilið. Arnór Ingvi fékk gula spjaldið í uppbótartíma fyrir háskalega tæklingu. Hann baðst afsökunar á henni á Twitter eftir leik. Rapid Vín hefur ekki gengið vel á tímabilinu og knattspyrnustjórinn Mike Büskens þurfti að borga brúsann af því. Nýi stjórinn, Damir Canadi, virðist vera búinn að rétta skútuna af en Rapid Vín hefur náð í fjögur stig í síðustu tveimur leikjum liðsins í deildinni.



## Kári Jónsson
*Körfuboltamaður hjá Drexel-háskólanum*

Kári átti frábæran leik þegar Drexel bar sigurorð af High Point, 72-78, í háskólaboltanum í Bandaríkjunum í gær. Kári var stigahæstur í liði Drexel, og stigahæstur á vellinum, með 25 stig. Hann tók einnig fjögur fráköst og gaf eina stoðsendingu. Kári var sjóðheitur fyrir utan þriggja stiga línuna og setti niður sjö þrista í tólf tilraunum. Kári hefur hitt vel fyrir utan í þeim átta leikjum sem hann hefur spilað fyrir Drexel en hann er með 47,8% þriggja stiga nýtingu. Leikurinn í gær var sá langstigahæsti hjá Kára í vetur en áður hafði hann mest skorað 15 stig í 62-83 sigri á North Texas. Kári er með 11,0 stig, 2,4 fráköst og 1,5 stoðsendingar að meðaltali í leik í vetur. Hann er á sínu fyrsta ári hjá Drexel og er að spila 28,3 mínútur að meðaltali í leik. Drexel hefur unnið fjóra leiki í vetur og tapað fjórum.

## Þórey Rósa Stefánsdóttir
*Landsliðskona í handbolta*

Þórey Rósa var besti leikmaður íslenska landsliðsins í undankeppni HM 2017 í Færeyjum um helgina og getur gengið stolt frá borði. Þrátt fyrir að Ísland hafi klúðrað möguleikanum á að komast áfram með slökum leik gegn Makedóníu stóð Þórey Rósa fyrir sínu. Hún skoraði fimm mörk í leiknum í gær og var markahæst í íslenska liðinu, líkt og gegn Færeyjum þar sem hún skoraði sjö mörk, öll í seinni hálfleik. Hún skoraði alls 16 mörk í leikjunum þremur í undankeppninni. Þórey Rósa, sem er 27 ára gömul, hefur komið sterk til baka eftir barnsburð en auk þess að spila vel með landsliðinu hefur þessi flinki örvhenti hornamaður staðið fyrir sínu með Vipers Kristiansand, félagsliði sínu í Noregi.












# Vistvænisýki

**Í DAG**



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Eitt af þessum afhjúpandi atvikum sem segja sögu heillar aldar var í sjónvarpsfréttum á dögunum: Ráðherra svonefndra og sjálfskipaðra „atvinnuvega“, sjálfur yfirmaður matvælaframleiðslunnar í landinu, Gunnar Bragi Sveinsson, gat ekki svarað því í viðtali undir hvaða ráðherra málefni neytenda heyrðu.

Hann hafði sýnilega aldrei velt því fyrir sér. Naumast virtist hafa hvarflað að honum að neytendamál væru yfirhöfuð málaflokkur eða að neytendur hefðu hagsmuna að gæta þegar kæmi að matvælaframleiðslunni í landinu – kannski fannst honum að ámóta nærtækt væri að fiskarnir í sjónum hefðu sinn sérstaka ráðherra til að gæta hagsmuna sinna – nú eða hænurnar í búrunum.

Rétta svarið var víst „Innanríkisráðuneytið“ þar sem málefni neytenda eru víst geymd í næstu skúffu við málefni hælisleitenda – og sinnt af viðlíka alúð.

**Saklaus er hver …**

Eftirlitsiðnaðurinn er mikið vandamál hér á landi – það er að segja skorturinn á honum. Fylgst er með afbrotum gagnvart neytendum en lítið sem ekkert tekið á þeim.

Ef ekki væri fyrir Kastljós væru eigendur Brúneggja enn að framleiða svikna vöru undir vökulum en úrræðalitlum augum eftirlitsaðila, sem fá þau skilaboð úr ráðuneytum, að aðhafast ekki þó að glæpurinn liggi fyrir. Eins og stundum í íslenska þagnarsamfélaginu: það er eitthvað í þessari sögu allri sem aldrei er beinlínis sagt – en allir skilja fyrr en skellur í tönnum.

Svo skall í tönnum: Kastljós komst á snoðir um ósómann. Allt kom þetta á daginn í kjölfar makalausrar frásagnar þáttarins af áralöngum vörusvikum Brúneggja, sem selt hafa egg sín dýrum dómum undir merkjum vistvænnar framleiðslu, og við mörg keypt eggin í þeirri trú að fuglarnir nytu betra atlætis en annars staðar, þar sem þessi vottun er ekki.

Framleiðslan hefur þvert á móti einkennst af þeirri rótgrónu hugmynd að skepnur séu bara efni í afurð, skynlausir massar, og hafi ekkert virði í sjálfum sér, eins og hverjar aðrar skrúfur á færibandi. Afleiðingin: alltof þröng búr með tilheyrandi vanlíðan og margs konar fylgikvillum; aðbúnaðurinn síst betri en í hefðbundnum eggjabúum, kannski verri.

Þessi kaldrifjuðu svik, þar sem saman fer ill meðferð á dýrum og útmældar blekkingar gagnvart neytendum, hafa notið sérstakrar verndar í kerfinu, þar sem tveimur dýralæknum varð ekkert ágengt við að vekja athygli á málinu, sem skyldi tekið á í kyrrþey og djúpri þögn samkvæmt þeirri reglu að saklaus sé hver maður þar til upp um hann kann að komast.

**Heiðraðu skálkinn**

Þetta vitnar um hugsunarhátt sem verður til á löngum tíma í kerfi þar sem framleiðandinn nýtur fullrar verndar og allra réttinda en kaupandinn er réttlaus með öllu. Þetta er ekki vegna fúlmennsku viðkomandi eigenda – þeir eru börn kerfisins.

Komið var á fót vottunarmerkingum um vistvæna framleiðslu og skyldi það vera á vegum búnaðarsamtakanna að hafa eftirlit með þeirri vottun. Lítið virðist hafa orðið úr því eftirliti, ef nokkuð: af hálfu búnaðarsamtakanna var nánast eins og litið á þessa vottun sem kænlega sölubrellu handa kjánunum í þéttbýlinu sem ganga um með sínar vistvænisgrillur.

Neytendur eru að vísu yfirgnæfandi meirihluti landsmanna, eiginlega öll þjóðin, en það er eins og enn eimi eftir af þeim hugsunarhætti að þeir séu nokkurs konar bráð, veiðistofn, auðlind. Af hverju er þetta svona?

Allt breytist – en ekki samstundis, ekki jafnhliða. Hugsunarhættir sem fylgja horfnum þjóðfélagsháttum geta lúrt lengi í stofnunum og heilabúum samfélaga löngu eftir að þeir eru hættir að vísa á lifandi veruleika. Valdastofnanir lifa sjálfstæðu lífi löngu eftir að þær hafa orðið viðskila við umbjóðendur sína eða erindi: við sjáum þetta í stirðnuðum siðum sem fylgja trúarbrögðum, og voru einhvern tímann í samræmi við staðhætti, tæknistig og náttúrufar, en hafa fyrir löngu orðið að tæki til að heimta og mæla algjöra hlýðni, kúgunartæki. Stundum virðist manni að enn sé furðu ríkjandi víða í stjórnkerfi og hjá ráðandi öflum hér á landi þankagangur frá þeirri tíð þegar hér var nær algjört bændasamfélag; og fólk sem ekki var bændur var annars, þriðja og fjórða flokks. Maður veit að gott fólk er í bændastétt eins og annars staðar – og hugsar ekki svona – en þessi hugsunarháttur loðir samt enn við í kerfinu, eins og trénuð trúarbrögð.

HEKLA

VW Golf Trendline 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur
KJARAKAUP 2.890.000 kr.
Fullt verð: 3.190.000 kr.
Afsláttur
300.000 kr.



KJARAKAUP

Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jólin!

MMC Outlander Intense / 4x4 / Dísil / Beinskiptur
KJARAKAUP 4.950.000 kr.
Fullt verð: 5.590.000 kr.
Afsláttur
640.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN



Audi A4 B9 Avant 4x4 Sport 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur
KJARAKAUP 8.595.000 kr.
Fullt verð: 9.550.000 kr.
Afsláttur
955.000 kr.
NÝIR BÍLAR



Skoda Octavia G-Tec Ambition 1.4 TGI / MetanBensín / Beinsk.
KJARAKAUP 3.190.000 kr.
Fullt verð: 3.510.000 kr.
Afsláttur
320.000 kr.



VW Cross Polo 1.2 TSI / Bensín / Sjálfskiptur
KJARAKAUP 3.190.000 kr.
Fullt verð: 3.580.000 kr.
Afsláttur
390.000 kr.
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!



VW Caddy Maxi 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur*
KJARAKAUP 2.750.000 kr.
Fullt verð: 3.210.000 kr.
Afsláttur
460.000 kr.
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði. Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. *Fimm ára ábyrgð gildir ekki með atvinnubílum.

# Kristján lagði grunn að nýrri fræðigrein

**Hið mikla ritverk Kristjáns Eldjárns, Kuml og haugfé, hefur verið endurútgefið í tilefni þess að öld er liðin frá fæðingu hans. Sextíu árum eftir að bókin kom fyrst út heldur hún að fullu gildi sínu sem fræðirit – en er jafnframt til vitnis um ást höfundar á íslenskri tungu.**



Rolf Petré, fornleifafræðingur frá Lundi í Svíþjóð, og Kristján Eldjárn á góðri stundu. Myndin er úr bók Kristjáns, Vínlandsdagbók, sem kom út árið 2012.

Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi, hið mikla verk Kristjáns Eldjárns þriðja forseta Íslands, er komið út í tilefni þess að öld er liðin frá fæðingu hans. Um þriðju útgáfu bókarinnar er að ræða en hún kom fyrst út árið 1956.

Bókin, sem svo margir þekkja, er talin vera grundvallarrit um upphafssögu þjóðarinnar. Þetta mikla verk, sem er að stofni til doktorsritgerð Kristjáns, er í senn mikilvæg vísindaleg heimild um íslenskar víkingaaldarminjar og áhugaverður fróðleikur fyrir allan almenning. Til marks um áhuga þjóðarinnar á uppruna sínum og sögu var bókinni strax geysivel tekið og frá upphafi hefur hún talist nauðsynleg handbók og fræðirit fyrir alla sem vilja kynnast og rannsaka fornmenningu Íslendinga.

Önnur útgáfa bókarinnar birtist lesendum um síðustu aldamót, en þá var ráðist í viðamikla endurskoðun bókarinnar, aukið við hana upplýsingum um kuml sem fundist höfðu frá upphaflegri útgáfu og annarri nýrri vitneskju.

Adolf Friðriksson fornleifafræðingur, sem hefur annast endurskoðun bókarinnar, segir að niðurstöður Kristjáns frá því um miðja 20. öld standi enn óhaggaðar í meginatriðum, en það hafi verið hægt að uppfæra bókina á frekar einfaldan hátt.

„Ástæðan er sú að frá útkomu bókarinnar árið 1956 var hann aðalkumlagrafarinn allt til þess tíma að hann varð forseti, árið 1968, og eftir að hann hætti sem forseti – þá var hann aftur mættur út í mörkina að grafa upp kuml. Þannig að næstum því allt nýtt efni sem lá fyrir var um staði sem hann hafði grafið upp sjálfur og birt greinar um í vísindaritum. Önnur útgáfa snerist um að bæta því við,“ segir Adolf en núna, þegar hundrað ára fæðingarafmælis hans er minnst, var ljóst að önnur útgáfa var uppseld, og því mikilvægt að sjá til þess að áfram væri hægt að nálgast bókina.

„Verkefnið var mikilvægt vegna þess að kumlin eru stærsta framlag Kristjáns til íslenskrar og norrænnar fornleifafræði.“

Bók Kristjáns, Kuml og haugfé, hefur þó enn breiðari skírskotun til lesenda en margir halda. Landsþekktur er Kristján fyrir störf sín sem fornleifafræðingur og vitaskuld sem þjóðhöfðingi, en færri vita af ríkulegu framlagi hans til íslenskrar tungu. Kristján var afkastamikill bréfritari, og hafði það sem reglu að skrifa aldrei um sama hlutinn tvisvar – og forðaðist því að skrifa yfirlitsgreinar sem dæmi.

„Hann var ekki bara frábær fræðimaður og fyrirmynd okkar kynslóðar sem nú starfar við fornleifafræði, heldur var hann sérdeilis lipur penni. Í hverju skrefi Kristjáns var eitthvað nýtt og það sem gladdi hann mest var að glíma við að lýsa gripum – lögun þeirra og gerð sem er ákveðin kúnst svo lesandinn sjái þá fyrir sér. Það var hans íþrótt að takast á við það,“ segir Adolf og bætir við að þess vegna sé hann enn þá góður kennari þó liðin séu mörg ár frá því að hann féll frá.

Adolf segir að allar bækurnar sem Kristján sendi frá sér hafi haldið gildi sínu, en hann skrifaði einnig mikið á öðrum vettvangi um fornleifafræði. Í Árbók Fornleifafélagsins, sem hann ritstýrði í forsetatíð sinni, skrifaði hann mikið og leiðbeindi þar meðal annars um hvernig ætti að skrifa um fræðin og nota íslenskuna til að ná utan um þetta fag, fornleifafræðina.

„Fornleifafræðin öll snýst um hluti og menningu, handbragð og hugmyndir sem eru horfnar og stundum erfitt að koma orðum að. Í bókinni dregur hann fram gamalt orð í málinu, sem var að mestu gleymt og grafið – kuml. Og til að lýsa því sem þar var að finna smíðaði hann nýyrðið haugfé. Í bókinni býr hann til stöðluð fræðiheiti, íslensk, yfir það sem ekki voru til orð fyrir – og sletti aldrei,“ segir Adolf. svavar@frettabladid.is




Kuml og haugfé var fyrst gefin út árið 1956, þá árið 2000 og nú í þriðja sinn á 100 ára fæðingarafmæli höfundar – Kristjáns Eldjárns.



Kristján Eldjárn skrifaði bókina Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.

> Í bókinni dregur hann fram gamalt orð í málinu, sem var að mestu gleymt og grafið – kuml. Og til að lýsa því sem þar var að finna smíðaði hann nýyrðið haugfé.



Adolf Friðriksson, fornleifafræðingur

Stilling

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**




Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Suðaustlæg átt, og lítilsháttar væta sunnan- og vestanlands, en léttskýjað á Norður- og Austurlandi. Fremur milt áfram en þó kólnandi norðaustanlands, einkum í innsveitum.

## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 2° | -0° |
| ← 10 | ↖ 4 | ↑ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 4° | -1° |
| ↑ 4 | ← 8 | ↑ 8 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 1° |
| ↖ 7 | ← 4 | ← 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 6° | 2° |
| ↙ 4 | ← 4 | ↑ 7 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. best
6. pot
8. glaðlegur
9. pili
11. eyrir
12. benda
14. íláta
16. átt
17. skjön
18. kóf
20. ætíð
21. garga

**LÓÐRÉTT**
1. grasþökur
3. eftir hádegi
4. sárasótt
5. viður
7. andsvar
10. blundur
13. óhreinindi
15. heimsálfu
16. sjáðu
19. í röð




**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. mest, 6. ot, 8. hýr, 9. rim, 11. fé, 12. flóki, 14. skála, 16. sv, 17. mis, 18. kaf, 20. sí, 21. orga. **LÓÐRÉTT:** 1. torf, 3. eh, 4. sýfilis, 5. tré, 7. tilsvar, 10. mók, 13. kám, 15. asíu, 16. sko, 19. fg.

## Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.853) átti leik gegn Sergey Karjakin (2.772) í þriðju skák bráðabana-einvígis þeirra.



**Svartur á leik**

**30...e4!** Góð peðsfórn sem tryggir svörtum frumkvæði á svörtu reitunum. **31. dxe4 Bxc3 32. Hxc3 De5 33. Hc1 Ha8! 34. h3 h6 35. Kh2 Dd4 36. De1 Db2 37. Bf1 Ha2 38. Hxc7??** (Hvítur hefði getað barist með 38. Hb1). **38...Ha1!** Hvítur gafst upp.

**www.skak.is:** Tvö mót í dag.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | 9 | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | 6 | | | |
| | | | | 9 | | | | 6 |
| 9 | 3 | 6 | | | | 2 | | |
| | 8 | 1 | 5 | | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 6 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 1 | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | | 7 | | | | 2 |
| | | | 5 | | 2 | 6 | | 8 |
| | 4 | 5 | | | 1 | | | 3 |
| | | | | 6 | | | 8 | |
| | | | | 1 | 5 | | | |
| | | 7 | 2 | 9 | | | 3 | |
| | | | 9 | | 7 | | | |
| | | 4 | 3 | 5 | | 2 | 7 | |
| | 8 | | | 2 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | | | | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | 8 | | 3 | | | | 4 | |
| | 4 | 8 | 7 | | | | 6 | 3 |
| | | | 2 | | | | | 1 |
| | | | | | 6 | | 8 | |
| 2 | | 3 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | 7 | | | | 2 |
| | 1 | | 9 | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 |






# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| VAIANA ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| ALLIED | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| ALLIED VIP | KL. 10:40 | VIP |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 - 8 - 10:45 | 9 |
| FANTASTIC BEASTS 2D VIP | KL. 5 - 8 | VIP |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:45 | 16 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 10:40 | 12 |
| ALLIED | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 9 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 | 16 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 6 - 10 | 12 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 | |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 | |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| ALLIED | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 9 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| ALLIED | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 8 - 10:45 | 9 |
| LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| ALLIED | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 10:20 | 9 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. DESEMBER 2016

### Uppákomur

**Hvað?** Konur með penna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Dagskrá sem María Sigurðardóttir, leikkona og leikstjóri tók saman í tilefni af 90 ára afmæli Kvenréttindafélags Íslands árið 1997. Þetta er fjölbreytt dagskrá þar sem fjallað er um nokkrar íslenskar skáldkonur og verk þeirra. Meginuppistaðan í dagskránni eru skáldkonurnar Guðný frá Klömbrum og Ólöf frá Hlöðum, en sagt verður frá ólíkum uppvexti þeirra og lífshlaupi. Við kynnumst Guðfinnu frá Hömrum og heyrum hluta úr skáldsögu eftir Kristínu Sigfúsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Guðbjörg Thoroddsen, og Sunna Borg. Aðgangseyrir er 1.500 kr.

**Hvað?** Ofar mannlegum hvötum #9
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Mengi
Ofar mannlegum hvötum eru samkomur sem tileinkaðar eru hinum heilaga villimanni. Hópur listamanna hefur ákveðið að sýna verk sín. Samkomurnar eiga sér stað á eyju, þangað sem allt þarf að ferðast í umbúðum og í ljósi þessa verður ekki tilkynnt um hvenær einstakir listamenn varpa sínu fram. Matarborðið svignar undan kræsingum, heilögum og frá fjarlægum löndum, exótískum og svalandi. Hér er um að ræða veislur sem koma á óvart og enga vissu að fá. Á mánudagskvöldið munu tíu listamenn lesa upp úr verkum sínum og flytja gjörninga. Viðstöddum býðst að kaupa hlutdeild í útgáfum og verkum þeirra. Þátttakendur að þessu sinni eru; Auður Ómarsdóttir, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Berglind Ágústsdóttir & Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, Eyrún Sigúrðardóttir, Eva Ísleifsdóttir, Gylfi Freeland Sigurðsson & Geirþrúður Einarsdóttir, Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar, Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir, Ragnhildur Jóhannsdóttir, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Snæbjörn Brynjarsson í samstarfi við Benjamin Hartman, Sólveigu Guðmundsdóttur og Sigurð Arent og Unnar Örn Jónasson Auðarson.



**Höfundakvöld með Katarina Frostenson og útgáfuhóf bókarinnar Tomorrow is Never a New Day verður á dagskrá í Norræna húsinu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Icelandic Sagas The Greatest Hits
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Harpa

### Fundir

**Hvað?** Höfundakvöld með Katarina Frostenson
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Velkomin á útgáfuhóf vegna bókarinnar I morgen er aldrig en ny dag/ Tomorrow is Never a New Day, sem dönsku samtökin Ordskælv gáfu út í Helsinki 18. nóvember. Í bókinni er að finna texta eftir 24 unga norræna höfunda um reynslu sína af því að alast upp við fátækt á Norðurlöndunum. Íslensku höfundarnir fjórir lesa úr textum sínum í útgáfuhófinu, sem fram fer í Norræna húsinu frá kl. 17 til 18 mánudaginn 5. desember. Viðburðurinn fer fram á íslensku. Allir velkomnir.

**Hvað?** Loftslag á nútíma og þróun landslags á miðhálendi Íslands
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Askja stofa 129
Sydney Raylee Gunnarson flytur fyrirlestur um verkefni sitt til meistaraprófs í jarðfræði. Heiti verkefnisins er Loftslag á nútíma og þróun landslags á miðhálendi Íslands.

**Hvað?** Höfundakvöld með Katarina Frostenson
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið
Frá haustinu 2015 hefur Norræna húsið staðið mánaðarlega fyrir höfundakvöldum með spennandi norrænum höfundum. Að þessu sinni er gestur höfundakvöldsins verðlaunahafi Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2016, Katarina Frostenson, en hún hefur um árabil verið meðal virtustu ljóðskálda Norðurlanda og fengið virt verðlaun fyrir verk sín. Frá árinu 1992 hefur hún verið meðlimur í Sænsku akademíunni og tekur þar með þátt í vali á handhafa Nóbelsverðlaunanna í bókmenntum ár hvert. Hún kemur fram á sérstöku auka-höfundakvöldi í Norræna húsinu þar sem Þórdís Gísladóttir, rithöfundur og þýðandi, ræðir við hana. Dagskráin fer fram á sænsku, allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Ingólfssvell
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Ingólfstorg
Skautasvellið er opið frá kl. 12.00 til 22 alla daga. Allir velkomnir.


Góða skemmtun í bíó

HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.




SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Uppboð í 20 ár

Jólauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 5. desember og þriðjudaginn 6. desember kl. 18

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna ásamt fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Louisa Matthíasdóttir

Forsýning í Gallerí Fold

mánudag kl. 10–17, þriðjudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is




BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Nahid | 18:00 |
| Grimmd | 18:00 |
| Innsæi | 18:00 |
| Absolutely Fabulous: the movie | 20:00 |
| Baskavígin | 20:00 |
| Slack Bay | 20:00 |
| Captain Fantastic | 22:30 |
| Gimme Danger | 22:15 |
| Eiðurinn ENG SUB | 22:30 |






**LANDNEMARNIR**
Kristján Már skoðar elstu merki um myndun samfélags á Íslandi. Ótrúleg mannvirki hafa uppgötvast í Þingeyjarsýslum sem virðast vera einhver elstu merki um myndun samfélags á Íslandi. Jafnframt kynnast landnemarnir nýrri ógn, eldgosum og öðrum náttúruhamförum sem fylgja þessu nýja landi.

FRÁBÆRT
MÁNUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




**LÓA PIND: BARA GEÐVEIK**
Hugrakkir Íslendingar opna sig um geðklofa, þunglyndi, geðhvörf og kvíða í vandaðri þáttaröð Lóu Pind. Við hittum fjölskyldu Silju, sléttum þremur árum eftir að vinkona hennar hringdi í Neyðarlínuna. Íslendingar eru í sigurvímu og Brynjar líka sem hefur sigrast á sjálfum sér.

HEIMILI HBO
LOKAÞÁTTUR
**WESTWORLD**
Lokaþáttur í þessari stórgóðu og hörkuspennandi þáttaseríu um vélmenni í mannslíki sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðinsskemmtigarði.



**EYEWITNESS**
Tveir unglingsdrengir ákveða að hittast á laun á fáförnum stað en eiga fótum sínum fjör að launa þegar þeir verða vitni að glæp. Nýir magnaðir spennuþættir, byggðir á norsku spennuþáttaröðinni Øyevitne.



**KLOVN**
Fjórða þáttaröðin um þá félaga Frank og Casper og ótrúleg ævintýri þeirra sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.



1. ÞÁTTUR
365.is


# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** Simpson-fjölskyldan
**07.30** Tommi og Jenni
**07.50** The Middle
**08.10** 2 Broke Girls
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are?
**11.20** Sullivan & Son
**11.45** My Dream Home
**12.35** Nágrannar
**13.00** X-factor UK
**14.45** X-factor UK
**15.35** Falcon Crest
**16.25** Tommi og Jenni
**16.45** Jóladagatal Afa
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Landnemarnir
**20.00** Lóa Pind. Bara geðveik Vönduð og glæsileg þáttaröð í umsjón Lóu Pind. Við kynnumst þremur geðveikum ungmennum á þrítugsaldri, þeim Silju Björk, Brynjari Orra og Bjarneyju. Eins skyggnumst við inn í líf Ágústu sem hefur glímt við geðsjúkdóm í um aldarfjórðung. Opinská og einlæg segja þau frá veikindum sínum; geðklofa, geðhvörfum, þunglyndi, ranghugmyndum og skrýtnum aðstæðum sem fárveikar manneskjur. Þau eru geðveik. En ekki bara geðveik. Þau eru líka upprennandi rithöfundur, snjóbrettagaur, mamma, þjónn, kærasta, bróðir, skemmtileg, lífsglöð og með blik í augum þegar vel gengur.
**20.30** The Night Shift
**21.15** Westworld
**22.45** Eyewitness
**23.30** Timeless
**00.15** Notorious
**01.00** Blindspot
**01.45** Lucifer
**02.30** Mistresses
**03.15** Mistresses
**04.00** Major Crimes
**04.45** The Third Eye
**05.35** Bones

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25** NFL
**09.50** NBA
**11.45** Premier League
**13.25** Premier League
**15.05** Domino's-deild kvenna
**16.45** Premier League
**18.25** Meistaradeild Evrópu
**18.50** Football League Show
**19.20** Spænsku mörkin
**19.50** Premier League
**22.00** Messan
**23.30** Premier League
**01.10** Messan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.15** Körfuboltakvöld
**10.55** Enska 1. deildin
**12.35** Premier League
**14.15** Premier League
**15.55** Þýski boltinn
**17.35** NFL
**20.00** Spænski boltinn
**21.40** Þýski boltinn
**23.20** Premier League

## STÖÐ 3

**17.00** Mike & Molly
**17.20** The Big Bang Theory
**17.45** New Girl
**18.10** Modern Family
**18.35** Fóstbræður
**19.05** Stelpurnar
**19.30** Eldhúsið hans Eyþórs
**20.00** Who Do You Think You Are?
**21.05** Grimm
**21.50** Banshee
**22.35** Klovn
**23.05** The Americans
**23.50** The Mentalist
**01.00** Eldhúsið hans Eyþórs
**01.30** Who Do You Think You Are?
**02.35** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Kalli á þakinu
**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Stóri og Litli
**07.49** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**08.00** Víkingurinn Viggó
**08.13** Kormákur
**08.25** Brunabílarnir
**08.47** Mæja býfluga
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Kalli á þakinu
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Stóri og Litli
**11.49** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**12.00** Víkingurinn Viggó
**12.13** Kormákur
**12.25** Brunabílarnir
**12.47** Mæja býfluga
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Kalli á þakinu
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Stóri og Litli
**15.49** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**16.00** Víkingurinn Viggó
**16.13** Kormákur
**16.25** Brunabílarnir
**16.47** Mæja býfluga
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Ástríkur og víkingarnir

Svampur Sveinsson kl. 10.24, 14.24 og 18.24



## GOLFSTÖÐIN

**08.20** Hero World Challenge
**13.20** Golfing World
**14.10** PGA TOUR Year in Review
**15.00** Hero World Challenge
**20.00** PGA Tour 2016
**20.55** Hero World Challenge

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Big Daddy
**13.30** Cheaper by the Dozen
**15.10** One Chance
**16.50** Big Daddy
**18.30** Cheaper by the Dozen
**20.10** One Chance Kvikmynd byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um Paul Potts, hlédrægan afgreiðslumann sem átti eftir að verða heimsfrægur. Hann sló í gegn og söng sig inn í hug og hjörtu fólks í þættinum Britain's Got Talent árið 2007.
**22.00** Ex Machina
**23.55** X-Men Fyrsta myndin í hinum geysivinsæla kvikmyndabálki um ofurmennahópinn sem saman gengur undir nafninu X-mennirnir. Myndin fjallar um það sem kann að gerast í nánustu framtíð þegar útvalinn hópur fólks fær tiltekna hæfileika með hjálp læknavísindanna. Hér er teflt á tæpasta vað en hvað gerist þegar eitthvað fer úrskeiðis? Með aðalhlutverk fara Hugh Jackman, Patrick Stewart og Halle Berry.
**01.40** Unbroken
**03.55** Ex Machina

## RÚV

**15.45** Inndjúpið
**16.25** Kiljan
**17.10** Landinn
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Jóladagatalið - Sáttmálinn
**18.19** Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** Morgan Freeman: Saga guðstrúar
**20.55** Bannorðið
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hr. Dýnamít: James Brown
**00.20** Erfingjarnir
**01.15** Kastljós
**01.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn og Spotify
**08.00** The McCarthys
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Síminn og Spotify
**12.55** Dr. Phil
**13.35** The Voice USA
**14.20** Chasing Life
**15.05** Grandfathered
**15.25** Younger
**15.50** Jane the Virgin
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Good Place
**20.15** No Tomorrow
**21.00** Rookie Blue
**21.45** Shades of Blue
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** The Catch
**00.35** Sex & the City
**01.00** Code Black
**01.45** Scorpion
**02.30** Rookie Blue
**03.15** Shades of Blue
**04.00** The Tonight Show
**04.40** The Late Late Show with James Corden
**05.20** Síminn og Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


DETTIFOSSI SÖKKT
Davíð Logi Sigurðsson
LJÓSIN Á DETTIFOSSI
örlagasaga
Davíð Logi Sigurðsson
LJÓSIN Á DETTIFOSSI
sögur
„Frábærlega skrifuð bók. Satt að segja trufl-
ar það svefn hvað hún kemur á óvart ...“
— ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
„Þetta er stórmerkileg saga og uppgötvun sem
Davíð Logi gerir þar sætir tíðindum.“
— SKARPHÉÐINN GUÐMUNDSSON, DAGSKRÁRSTJÓRI RÚV
„Dramatísk saga, hrífandi, fróðleg og
spennandi.“
— ILLUGI JÖKULSSON
sögur
ÚTGÁFA







Emilíana Torrini hefur ekki verið með band síðustu ár en hefur flakkað á milli verkefna sem henni þykja spennandi.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Er aftur farið að líða eins og rakettu

**Emilíana Torrini** og hljómsveitin Colorist Orchestra gefa út þann 9. desember plötu með níu lögum Emilíönu í nýjum útgáfum. Á plötunni verða tvö ný lög – annað lagið er When we dance sem gert hefur verið myndband við og er tekið upp með Coloris Orchestra.

Það var langur aðdragandi að því að við förum að vinna saman. Þegar ég var að túra með Tookah, mína síðustu plötu, þá var ég komin með algjört ógeð á þessum ramma sem ég var í – ég hafði alltaf hugsað með mér að ef ég væri á sviði að hugsa um eitthvað annað þá ætti ég bara að hætta. Á þessum tímapunkti var ég komin þangað, var bara að hugsa um að þvo bílinn minn eða eitthvað allt allt annað. Ég var ekki að fá neitt kikk út úr þessu lengur og mig langaði til að líða aftur eins og rakettu og tryllast úr gleði á sviðinu. Um leið og maður sendir svona út í geiminn þá kemur eitthvað til baka, kannski ekki alveg það sem maður hélt, en það kemur.

Ég var búin að fá fullt af símhringingum frá fólki sem hafði í raun aldrei hlustað á mig, en einhver hafði bent því á mig og það vildi vinna með mér eða útsetja lögin öðruvísi með mér. Einn vildi gera strengjakvintetts-útsetningar á lögunum og mér fannst það frábært og sagði: „Veldu lögin, gerðu settlista með lögunum og gerðu það sem þú vilt við þau – ég kem svo bara og syng.“ Síðan fór ég mánuði síðar að hitta hann og þá var enginn strengjakvintett heldur bara experimental djasshljómsveit. Mér fannst þetta svo fyndið og ég sagði bara: „Gerum þetta.“

Ég fann aftur þessa rakettutilfinningu, að vera á tánum og vita ekkert hvað er að fara að gerast. Síðan þá hef ég verið að vinna svona – fólk hringir í mig og ef það virðist áhugavert segi ég já.

Ég vil leyfa fólki að vera frjálst, ég er ekkert að stjórna hvaða lög eru tekin og stundum eru þetta ekki lögin sem ég mundi velja. Það er svo gaman að gefa fólki frelsi til að gera það sem það vill og þá kemur alltaf svo gott út úr þessu. 99% af þessum giggum hafa verið „amazing“.

### Stórsveit með heimagerð hljóðfæri

Þegar Colorist Orchestra hringir þá er ég til, en ég geri mér ekki grein fyrir hvað þeir eru að fara að setja mikla vinnu í þetta. Þeir eru alltaf að senda mér tónlistina en ég hlustaði aldrei á hana því að ég var svo hrædd um að þá færi ég að skipta mér af. Síðan mætti ég tveimur dögum fyrir fyrstu tónleikana og fékk smá sjokk því að þetta er risa band með heimagerð hljóðfæri. En ég varð bara ástfangin af þessu settöppi.




Þeir eru bara búnir að leggja svo mikla vinnu í þetta – þetta er alveg ársvinna, hver einasti taktur er skrifaður niður og það er ekkert improv. Það er líka hvernig þeir sjá lífið, hvernig þeir lifa lífinu og hvernig þeir eru – það er bara heiður að vera í kringum svona fólk. Þeir eru í kreatívu flæði og þetta er nærandi fólk og nærandi umhverfi.

Eftir þessa fimm tónleika langaði mig ekki til að hætta. Það er svo sjaldan sem maður finnur fólk þar sem kemistrían er eins og maður hafi alltaf þekkst, alltaf verið að gera tónlist saman. Við ákváðum svo að gefa út „live“ plötu því að það var leiðinlegt að fólk fengi ekki að upplifa tónleikana.

**ÉG VAR EKKI AÐ FÁ NEITT KIKK ÚT ÚR ÞESSU LENGUR OG MIG LANGAÐI TIL AÐ LÍÐA AFTUR EINS OG RAKETTU OG TRYLLAST ÚR GLEÐI Á SVIÐINU.**

Ég hefði alveg viljað að þeir hefðu pródúserað eina plötu alveg frumsamda. Þegar við sömdum okkar fyrsta lag hugsaði ég: Sjitt, við hefðum átt að gera plötu,“ segir hún hlæjandi, „en þetta er bara prójekt hjá þeim, þeir eru ekki að fara að festa sig með einni manneskju. Þeir gera næsta verkefni með einhverjum öðrum listamanni,“ segir Emilíana en hún mun túra um Evrópu á næstunni með bandinu áður en leiðir skilja og hún vindur sér í aðra hluti.

### Tónlist til að teikna við

„Fyrir utan túr með Colorist Orchestra er ég að fara að gefa út plötu sem ég gerði með Kid Koala sem við sömdum fyrir löngu síðan. Það er tónlist til að teikna við, hún er gerð til að trufla þig ekki á meðan þú vinnur.

Ætli maður sé ekki að reyna að brjóta einhvern ramma sem maður hefur verið í og ég er að reyna að gera eitthvað allt annað. Það er svo mikill leiðangur sem er hægt að fara í, maður er með fullan poka af lærdómi og efni og núna getur maður farið að hrista hann og gera eitthvað sem maður hefur ekki gert áður,“ svarar Emilíana um hvað sé fram undan hjá henni. Það verður spennandi að fylgjast með hvað kemur úr pokahorninu hjá henni á næstunni.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KFC
JÓLAFATAN
2016
SVOOO
GOTT UM JÓLIN
It's finger lickin' good
HAPPY HOLIDAYS
KFC
SVOOO
GOTT
JÓLAFATAN
10 gómsætir Original kjúklingabitar
og 2 lítrar af gosi á 3.799 KR.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Berglindar Pétursdóttur




## Ég er tilbúin

Það er ekki vika liðin af desember en ég læt það ekki stöðva mig. Ég er komin í svo mikið jólaskap að ég er vægast sagt við það að tryllast. Jólatréð er komið upp í stofunni og ég er að gæla við að falda einhverjar sætar jólagardínur og skella þeim upp í vikunni. Jólagjafainnkaupin voru kláruð á netinu eina niðdimma nóvembernótt og ég bíð þess nú að pósturinn negli þeim inn um dyrnar svo ég geti pakkað þeim inn, drukkið kakó og hlustað á Þú komst með jólin til mín þúsund sinnum í röð.

Þetta er frekar óvenjuleg hegðun af minni hálfu, er venjulega týpan sem gleðst svosem yfir jólabjór en fussar yfir jólalögunum á Bylgjunni og hendir jólatrénu í sturtu rétt um fimmleytið á aðfangadag. Ég er bara svo ótrúlega tilbúin í einhverja fáránlega glaðlega stemningu akkúrat núna. Ekki fleiri Brúnegg, ekki meiri pólitík.

Það er bara hreinlega ekki í boði að röfla um stjórnarmyndunarumboð meðan maður bíður félagana að þrýsta fingrinum létt á borðann þar sem slaufur eru hnýttar utan um persónulegar gjafir til ættingja og vina. Það gengur bara ekki upp. Einu umræðurnar sem ég mun taka þátt í næstu vikurnar snúa að sörubakstri og hvort það eigi að vera kaffi í kreminu. Ég hvet lesendur til að fara gjörsamlega fram úr sjálfum sér í jólagleðinni í ár. Verum létt. Bindið mig niður með jólaseríu. Rúllið mér inn í glanspappír. Festið á mig sogskálarnar sem eiga að festa seríurnar í gluggana en losna alltaf af glerinu. Keyrið mig í kóka-kóla lest á næstu Siggu Beinteins tónleika. Jólin mega koma. Komið, jól, og takið mig. Ég er reiðubúin.








